GILDI

Ársskýrsla
Gildis
lífeyrissjóðs
2017

GILDI

Ársskýrsla
Gildis
lífeyrissjóðs
2017

Ljósmyndir
Anton Brink
Jóhannes Long
Árni Guðmundsson

Hönnun og umbrot
Brandenburg / SÍA

Prentun
Prentmet

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns **4**
Stjórn **8**
Starfsmenn **9**
Endurskoðunarnefnd **10**
Lykiltölur í starfsemi 2017 **11**
Verðbréfamarkaðir **13**
Innlendur verðbréfamarkaður 13
Erlendir verðbréfamarkaðir og gengi gjaldmiðla 16
Samtryggingardeild **19**
Sjóðfélagar 19
Iðgjöld 20
Lífeyrir 21
Lán til sjóðfélaga 22
Ávöxtun 22
Fjárfestingar 24
Verðbréfaeign 25
Innlent hlutabréfasafn 26
Innlent skuldabréfasafn 27
Erlent verðbréfasafn 29
Erlendir fjárvörsluaðilar 30
Fjárfestingarstefna 31
Tryggingafræðileg staða 32
Örorkubyrði / örorkuframlag 33
Séreignardeild **35**
Rétthafar / lífeyrir 35
Ávöxtun séreignardeildar 35
Verðbréfaeign í árslok 2017 36
Framtíðarsýn 1 37
Framtíðarsýn 2 39
Framtíðarsýn 3 41
Hluthafastefna **43**
Samskipta- og siðareglur **44**
Áhættustefna **46**
Stefna um ábyrgar fjárfestingar **47**
Samtök um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar 48
Fundir **49**
Vefur Gildis **50**
VIRK starfsendurhæfingarsjóður **51**
Ársreikningur **53**
Selected Financial Information **116**

Ávarp stjórnarformanns

Rekstur Gildis-lífeyrissjóðs gekk vel á árinu 2017. Einn mikilvægasti mælikvarðinn sem hægt er að setja á árangur í starfi sjóðsins er ávöxtun samtryggingardeildar. Þar er niðurstaðan jákvæð, nafnávöxtun nam 7,7% sem þýðir að hrein raunávöxtun var 5,8%. Þetta er ánægjulegur viðsnúningur frá árinu 2016 þegar hrein raunávöxtun sjóðsins var neikvæð um 0,9% en það var í fyrsta sinn um nokkurt skeið sem það gerðist.

Góð afkoma nú skýrist helst af góðri ávöxtun erlendra hlutabréfa og innlendra skuldabréfa. Á það bæði við um samtryggingardeild og séreignarleiðir sjóðsins sem skiluðu hreinni raunávöxtun á bilinu 1,9% til 5,9%. Erlend hlutabréfaeign sjóðsins ávaxtaðist um 13,2% á árinu mælt í íslenskum krónum, þrátt fyrir umtalsverða styrkingu krónunnar gagnvart Bandaríkjadal. Þá kom lækkun ávöxtunarkröfu á innlendum skuldabréfamarkaði á árinu til virðishækkunar á skuldabréfaeign sjóðsins, þ.e. þeim hluta eignarinnar sem færður er á markaðsvirði.

Ef afkoma ársins er skoðuð í sögulegu samhengi má einnig vel við una. Meðalnafnávöxtun sjóðsins síðustu tíu árin nemur 5,2% en ef aðeins er horft fimm ár aftur í tímann er meðalávöxtunin 7,6%. Það þýðir að rekstur sjóðsins síðustu ár hefur almennt gengið vel og ætti sá góði gangur að vera öllum sjóðfélögum fagnaðarefni.

Góð afkoma og aðhald í rekstri þýðir að hrein eign sjóðsins hækkaði á árinu 2017 um tæplega 46 milljarða króna, úr 471,7 milljörðum í 517,4 milljarða. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði einnig á árinu um 1,2 prósentustig. Í lok árs 2016 var hún neikvæð um 2,7% en í lok 2017 neikvæð um 1,5%.

Hagstæður rekstur

Gildi leitar allra leiða til að veita þeim sem til sjóðsins leita framúrskarandi þjónustu og reynt er að tryggja að Gildi sé góður vinnustaður fyrir núverandi starfsmenn. Það liggur í hlutarins eðli að þetta kostar.

Á móti kemur ströng aðhaldskrafa þar sem lögð er áhersla á að rekstrarkostnaður sjóðsins sé sem lægstur. Tölurnar þar tala enda sínu máli. Rekstrarkostnaður sjóðsins árið 2017 nam 806 milljónum króna. Ef horft er til þeirrar staðreyndar að alls eiga rúmlega 226 þúsund einstaklingar réttindi í sjóðnum þýðir það að hver þeirra greiðir rúmlega 3.500 krónur á ári fyrir þá þjónustu sem Gildi veitir. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem sjóðurinn stendur vörð um fyrir sjóðfélaga geta menn vel við unað.

Að því sögðu er rétt að taka fram að rekstrarkostnaðurinn hækkaði um rétt rúmlega 8% milli ára. Ástæðan liggur annars vegar í auknum launakostnaði og hins vegar í auknum kostnaði við rekstur tölvukerfa. Launaliðurinn hækkar meðal annars vegna samningsbundinna launahækkana og hækkunar á lífeyrisiðgjaldi en einnig var í byrjun árs 2017 bætt við starfsmanni sem ber titilinn forstöðumaður upplýsingamála. Það var gert í samræmi við stefnu sjóðsins um að bæta upplýsingagjöf til sjóðfélaga og almennings um starfsemi og áherslur sjóðsins. Kostnaður vegna tölvukerfa hækkar enn fremur nokkuð en þann kostnaðarauka má meðal annars rekja til breytinga sem gerðar hafa verið til að standa undir þeim miklu kröfum sem gerðar eru í rekstri sjóðsins um gagnaöryggi og rekjanleika.



Elli- og örorkulífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins námu 15,4 milljörðum króna, þar af námu ellilífeyrisgreiðslur 9,3 milljörðum, sem er hækkun um ríflega 760 milljónir króna milli ára. Á sama tíma námu iðgjöld frá sjóðfélögum rétt rúmlega 7 milljörðum króna og iðgjöld frá launagreiðendum rúmlega 16 milljörðum. Gildi greiddi árið 2017 tæplega 4,7 milljarða króna í örorkulífeyri og eru skuldbindingar sjóðsins vegna örorku, sem og beinar örorkugreiðslur, með því hæsta sem þekkist innan lífeyriskerfisins. Sjóðfélagar lífeyrissjóða ávinna sér rétt til örorkugreiðslna með iðgjöldum sínum. Þetta er hluti af þeirri tryggingu sem sjóðirnir veita sjóðfélögum og skapar þeim öryggi. Hins vegar þýða miklar örorkuskuldbindingar að minna er til skiptanna til greiðslu ellilífeyris. Stjórnvöld hafa komið til móts við þá sjóði sem bera mikla örorkubyrði með greiðslu árlegs fjárframlags til að standa undir þessum greiðslum að hluta. Talsvert vantar þó upp á til að greiðslan dugi til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

Umsvif í íslensku atvinnulífi og erlendar fjárfestingar

Í janúar 2018 skilaði starfshópur forsætisráðherra, sem hafði það verkefni að skoða hlutverk lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífsins, niðurstöðum sínum. Þar kom ekki á óvart að í skýrslunni er bent á þá augljósu staðreynd að lífeyrissjóðir landsins eru í dag umsvifamiklir í íslensku atvinnulífi. Þeir eiga um þriðjung af heildarfjármunum á Íslandi og hafa eignir þeirra tífaldast frá árslokum 1997 og fjórfaldast að raungildi ef tekið er tillit til verðbólgu. Ef skráð hlutabréf á Íslandi eru skoðuð kemur í ljós að lífeyrissjóðirnir eiga um helming þeirra. Starfshópur forsætisráðherra bendir réttilega á að ástæðan fyrir þessum háa eignarhluta lífeyrissjóðanna er að vegna gjaldeyrishafta voru fjárfestingarmöguleikar sjóðanna afar takmarkaðir í kjölfar hrunsins og það var ekki fyrr en í mars 2017, þegar höftunum var aflétt af sjóðunum, sem þeir gátu á ný farið að fjárfesta erlendis. Starfshópurinn bendir í skýrslu sinni á að mikilvægt sé að lífeyrissjóðir landsins auki nú vægi erlendra fjárfestinga, og er það í góðu samræmi við stefnu Gildis. Vægi eigna sjóðsins í erlendri mynt jókst þannig umtalsvert á árinu og nam 32,7% í árslok 2017, samanborið við 27% í árslok 2016. Hefur sjóðurinn nýtt sér heimildir til fjárfestinga erlendis í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta með það að markmiði að auka áhættudreifingu utan Íslands. Sjóðurinn réðst í frekari stefnubreytingar í þá átt á árinu 2017, m.a. með áherslu á að auka við fjárfestingar í erlendum skuldabréfum. Er það stefna sjóðsins að auka vægi erlendra eigna enn frekar á komandi árum.

Auknar lánveitingar

Lánveitingar til sjóðfélaga Gildis hafa aukist mikið á síðustu misserum og hafa þær orðið sífellt stærri hluti af starfsemi sjóðsins. Ljóst er að Gildi getur lánað sjóðfélögum sínum til húsnæðiskaupa og endurfjármögnunar íbúðarhúsnæðis á mun betri kjörum en viðskiptabankarnir bjóða. Sjóðfélagar hafa tekið þessari breytingu fagnandi. Gildi hefur verið leiðandi í þessari þróun og hafa lánveitingar sjóðsins aukist hratt síðustu árin. Þannig veitti sjóðurinn 878 ný lán á árinu 2017 að fjárhæð 12.819 milljónir króna. Árið áður veitti sjóðurinn samtals 625 lán og fjölgaði útlánum því um 40,5% milli ára.

Hluthafastefna og jöfnun lífeyrisréttinda

Stjórn og starfsmenn hafa í störfum sínum ávallt til hliðsjónar hluthafastefnu Gildis. Stefnan er í stöðugri þróun og leitað er leiða til að bæta hana sem og vinnubrögð og verkferla innan sjóðsins. Þótt þeirri vinnu ljúki eðli málsins samkvæmt aldrei þá stendur sjóðurinn mjög framarlega þegar kemur að

gegnsæi og fagmennsku í stjórnarháttum. Á þetta ekki síst við um þær reglur sem sjóðurinn hefur sett sér varðandi stjórnarkjör í fyrirtækjum sem hann á hlut í sem og samskipti við stjórnir þessara félaga. Vel hefur gefist að upplýsa um hvernig sjóðurinn greiðir atkvæði á aðalfundum skráðra hlutafélaga sem og um þær tillögur sem sjóðurinn leggur fram á þessum fundum. Einnig hefur það fyrirkomulag að auglýsa eftir einstaklingum sem hafa áhuga á að sitja í stjórnum hlutafélaga með stuðningi Gildis reynst afar vel.

Stór skref hafa verið stigin undanfarin misseri í átt að jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera. Hluti af þeirri vegferð liggur í hækkuðu framlagi atvinnurekenda í almenna lífeyrissjóði og á árinu 2018 verður lokaskrefið stigið þegar framlagið hækkar í 11,5%. Þessum breytingum hljóta allir sem greiða í Gildi að fagna, enda mun þetta tryggja lífeyrisþegum framtíðarinnar bætt lífeyrisréttindi.

Starfsemi Gildis árið 2017

Á árinu 2017 hélt stjórn Gildis alls nítján stjórnarfundi auk þess sem haldinn var eins dags stefnumótunarfundur í maí og tveggja daga stefnumótunarfundur í september. Verkefni stjórnar og umfjöllunarefni á árinu voru fjölmörg og afar mismunandi. Þótt sjónarmið stjórnarmanna séu í mörgum tilfellum ólík hefur gott samstarf innan stjórnar og fagleg vinnubrögð leitt til þess að mál eru rædd af yfirvegun og í öllum tilfellum hefur náðst sú niðurstaða sem stjórn metur að sé hagstæðust og verðmætust fyrir sjóðfélaga.

Gildi-lífeyrissjóður er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa á að skipa afar öflugum hópi starfsmanna. Í lok ársins voru þeir 33 talsins, þar af starfa tveir á skrifstofu sjóðsins á Ísafirði. Allir þessir starfsmenn eru lykillinn að því að sjóðurinn geti veitt þá framúrskarandi þjónustu sem sjóðfélagar eru í dag orðnir vanir.

Mig langar að þakka stjórn fyrir ánægjulegt samstarf á árinu, en um leið að koma á framfæri fyrir hönd stjórnar þökkum til starfsmanna fyrir gott samstarf og vel unnin störf. Síðast en ekki síst vil ég fyrir hönd stjórnar þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarf á árinu.

Gylfi Gíslason, formaður stjórnar


olís



Stjórn

Stjórn Gildis er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir tilnefndir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Meðal þess sem stjórnin fjallar um á fundum sínum eru ákvarðanir um fjárfestingar, breytingar á samþykktum, eftirlit með fjárfestingum, mótun innra eftirlits og lánareglur sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á árinu voru haldnir 19 stjórnarfundir og tveir stefnumótunarfundir.

Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2018

- Gylfi Gíslason, formaður stjórnar
- Harpa Ólafsdóttir, varaformaður stjórnar
- Áslaug Hulda Jónsdóttir
- Freyja Önundardóttir
- Guðmundur Ragnarsson
- Kolbeinn Gunnarsson
- Konráð Alfreðsson
- Þórunn Liv Kvaran

Varamenn

- Árni Bjarnason
- Hannes G. Sigurðsson
- Lilja Sæmundsdóttir
- Margrét Birkisdóttir
- Sigríður Margrét Oddsdóttir
- Sigurður A. Guðmundsson

Hæfi stjórnarmanna

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kveða á um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemi viðkomandi gilda. Útnefning stjórnarmanna lífeyrissjóða er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og skulu þeir uppfylla kröfur þess, m.a. um nægilega þekkingu og reynslu af starfsemi lífeyrissjóða. Einnig þurfa stjórnarmenn að standast hæfismat eftirlitsins.



Standandi frá vinstri

Konráð Alfreðsson
Freyja Önundardóttir
Áslaug Hulda Jónsdóttir
Guðmundur Ragnarsson
Kolbeinn Gunnarsson

Sitjandi frá vinstri

Harpa Ólafsdóttir
Gylfi Gíslason
Þórunn Liv Kvaran

Mynd tekin á stjórnarfundi Gildis, 21. febrúar 2017.

Starfsmenn



34 starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum í febrúar, 32 í Reykjavík og tveir á Ísafirði.



Starfsmenn Gildis á skrifstofu sjóðsins á Ísafirði eru Jóhanna Einarsdóttir og Soffía Þóra Einarsdóttir

Standandi frá vinstri	Starfssvið
Ásbjörg Hjálmarsdóttir	Afgreiðsla
Ásdís Ósk Smáradóttir	Lánadeild
Sigurborg Reynisdóttir	Deildarstjóri séreignardeildar
Hrefna Snorradóttir	Iðgjaldadeild
Halldóra Ágústa Halldórsdóttir	Lífeyrisdeild
Rebekka Ólafsdóttir	Forstöðumaður áhættueftirlits
Anna Rúnarsdóttir	Bókhald
Ívar Róbertsson	Bókhald
Bjarni Gíslason	Eignastýring
Árni Hrafn Gunnarsson	Lögfræðingur
Ingileif Kristinsdóttir	Aðalbókari
Unnur Ingibjörg Sigfúsdóttir	Eignastýring
Hulda Helgadóttir	Lánadeild
Sverrir Reynisson	Lífeyrisdeild
Ólafur Arason	Forstöðumaður tölvumála

Sitjandi frá vinstri	Starfssvið
Birgir Stefánsson	Eignastýring
Sigrún Andrea Vilhelmsdóttir	Iðgjaldadeild
Friðgerður María Friðriksdóttir	Iðgjaldadeild
J. Erla Þorvaldsdóttir	Iðgjaldadeild
Bjarney Sigurðardóttir	Skrifstofustjóri
Árni Guðmundsson	Framkvæmdastjóri
Guðrún K. Sigurðardóttir	Deildarstjóri lánadeildar
Örn Guðnason	Deildarstjóri lífeyrisdeildar
Aðalbjörn Sigurðsson	Forstöðumaður upplýsingamála
Helga Einarsdóttir	Lánadeild

Fjarverandi	Starfssvið
Anna Lis Hjaltadóttir	Deildarstjóri iðgjaldadeildar
Davíð Rúdólfsson	Forstöðumaður eignastýringar og staðgengill framkvæmdastjóra
Guðrún Inga Ingólfsdóttir	Staðgengill forstöðumanns eignastýringar
Ingveldur M. Kjartansdóttir	Lánadeild
Kristrún Árný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Pálína Hallgrímsdóttir	Lífeyrisdeild
Sigrún Valþórsdóttir	Afgreiðsla

Endurskoðunarnefnd

Stjórn Gildis skipar þriggja manna endurskoðunarnefnd sem starfar í umboði stjórnar og á ábyrgð hennar. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal vera óháður sjóðnum og starfsfólki hans.

Nefndin hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd hefur starfað hjá Gildi frá árinu 2009.

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars sinna eftirfarandi:

- Eftirliti með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirliti með endurskoðun ársreiknings.
- Mati á óhæði ytri endurskoðanda og eftirliti með öðrum störfum þeirra.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og koma að ráðningu innri endurskoðanda.

Endurskoðunarnefndina skipa:
Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, formaður
Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri Eflingar
Þórunn Liv Kvaran, fjármálastjóri Ölgerðarinnar og stjórnarmaður í Gildi

Á árinu hélt nefndin 9 fundi.



Frá vinstri
Þráinn Hallgrímsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Þórunn Liv Kvaran

Lykiltölur í starfsemi 2017


Sjóðfélagar
226 þúsund sjóðfélagar
53 þús. greiðendur
22 þús. lífeyrisþegar

Lífeyrir
15,4 ma.kr. til lífeyrisþega
Þar af 4,7 ma.kr. vegna örorku

Eignir
517,4 ma.kr. hrein eign til greiðslu lífeyris
512,9 ma.kr. í samtryggingu
4,5 ma.kr. í séreign


Iðgjöld:
7,0 ma.kr. frá sjóðfélögum
16,1 ma.kr. frá launagreiðendum
Launagreiðendur eru 5,8 þús. talsins

Breyting á hreinni eign (ma.kr.)




*Þar með talið 1,5 ma.kr. örorkuframlag úr ríkissjóði


Tryggingafræðileg staða




Ávöxtun samtryggingardeildar



Ávöxtun séreignardeildar



Ávöxtun tilgreindrar séreignardeildar








Verðbréfamarkaðir

Innlendur verðbréfamarkaður


Þróun innlends hlutabréfamarkaðar

Innlendur hlutabréfamarkaður rétti úr kútnum frá fyrra ári þótt ávöxtun hafi verið nokkuð misjöfn milli félaga. Úrvalsvísitala Nasdaq (OMXI8 GI) var engu að síður 1,5% lægri í lok árs en í upphafi þess og stóð þá í 1.915 stigum. Sé litið til heildarvísitölu hlutabréfa (OMXI GI) hækkaði hún um 4,9% og stóð í 629,2 stigum í árslok. Báðar vísitölur eru leiðréttar fyrir arðgreiðslum, ávöxtun í gegnum hlutabréfaverð eingöngu var því lægri en þessar vísitölur gefa til kynna.



Heimild: Nasdaq Iceland


Ávöxtun hlutabréfa skráðra félaga á árinu 2017



**Afskráð af Nasdaq Iceland í nóvember 2017, árslokavirði m.v. gengi danskrar krónu og markaðsvirði í Kaupmannahöfn*

Heimild: Nasdaq Iceland og Gildi–lífeyrissjóður


Markaðsvirði skráðra hlutafélaga í árslok 2016 og 2017 (ma.kr.)



*Afskráð af Nasdaq Iceland í nóvember 2017, árslokavirði m.v. gengi danskrar krónu og markaðsvirði í Kaupmannahöfn

Heimild: Nasdaq Iceland

Markaðsvirði skráðra hlutafélaga í árslok 2016 og 2017 (ma.kr.)



Heimild: Nasdaq Iceland

*Afskráð af Nasdaq Iceland í nóvember 2017, árslokavirði m.v. gengi danskrar krónu og markaðsvirði í Kaupmannahöfn

Ein helstu tíðindi af innlendum hlutabréfamarkaði á árinu voru afskráning hlutabréfa Össurar. Var 30. nóvember síðasti viðskiptadagur bréfanna á Nasdaq Iceland. Stjórn félagsins hafði raunar óskað eftir og fengið samþykkta afskráningu bréfanna af innlendum markaði snemma árs 2011 en þau voru tekin einhliða til viðskipta af Nasdaq Iceland skömmu síðar. Það var aðallega gert til hægðarauka fyrir innlenda fjárfesta félagsins sem áttu á þeim tíma óhægt um vik að athafna sig á erlendum mörkuðum sökum gjaldeyrishafta. Við afléttingu haftanna snemma árs 2017 áttu þau rök ekki lengur við og eru nú eingöngu viðskipti með bréfin í kauphöll Nasdaq í Kaupmannahöfn. Engin skráning átti sér stað á aðalmarkaði Nasdaq Iceland á árinu.

Höft á innflæði fjármagns í tiltekna fjármálagerninga, sér í lagi skuldabréf þar sem krafist er bindiskyldu á hluta þess fjármagns sem kemur inn í landið til fjárfestingarinnar, leiddu til þess að erlendir fjárfestar leituðu í auknum mæli í innlend skráð hlutabréf. Vegna þess komu rúmir 48 ma.kr. inn af erlendri nýfjárfestingu á árinu 2017, sem er ríflega fjórföld upphæð samanborið við árið 2016

Sé horft fram hjá brotthvarfi Össurar breyttist heildarvirði íslenska hlutabréfamarkaðarins takmarkað. Önnur félög hækkuðu samtals einungis um 2,3 ma.kr., eða sem nemur 0,3% af virði þeirra í lok árs 2016. Brotthvarf Össurar hafði töluverð áhrif á heildarmyndina, enda um að ræða annað stærsta félag markaðarins. Virði Össurar hækkaði um 24 ma.kr. á árinu að teknu tilliti til skiptigengis dönsku krónunnar í árslok. Eftir stendur að í upphafi árs skipuðu markaðinn félög að heildarvirði 936 ma.kr. en í lok þess 766 ma.kr.

Leiðrétt fyrir arði gáfu hlutabréf í HB Granda hæsta ávöxtun á árinu 2017, eða rúm 38%. Af þeim 17 félögum sem skipuðu íslenska markaðinn í upphafi árs hækkaði virði 9 félaga. Icelandair hélt áfram að lækka í verði eins og árið 2016 en er þó annað stærsta félagið að markaðsvirði á eftir Marel.

Heildarvelta hlutabréfamarkaðarins jókst enn á árinu 2017 líkt og fyrri ár og var 630 ma.kr. samanborið við 558 ma.kr. árið 2016, eða sem nemur 12,9% aukningu. Skráð félög í árslok 2017 voru sextán talsins og fækkaði þeim um tvö á árinu. Auk Össurar afskráði færeyski bankinn Bank Nordik sig

af markaði í febrúar. Hann hafði áður verið tvíhliða skráður í Reykjavík og Kaupmannahöfn án þess að teljandi velta væri með bréf hans hér.


Skráðu félögin héldu áfram að skila fjármunum til hluthafa í formi arðgreiðslna á árinu. Námu þær samtals 14,3 mö.kr. Einnig stunduðu félögin uppkaup á eigin bréfum í sama tilgangi. Eftir brotthvarf Össurar eru Marel, Icelandair og HB Grandi stærstu félögin á Nasdaq Iceland, en markaðsvirði þessara þriggja félaga nam 46,9% af heildarvirði markaðarins í lok árs 2017. Er það lækkun frá árslokum 2016 þegar hlutfall þessara þriggja félaga var 49,3%.

Þróun innlends skuldabréfamarkaðar

Verðbólga ársins var 1,9% og var því undir 2,5% markmiði Seðlabanka Íslands allt árið. Styrking íslensku krónunnar hjálpaði mikið við að halda verðhækkunum niðri sem og aukin samkeppni á smásölumarkaði. Á árinu lækkuðu stýrivextir um 0,75%, úr 5,0% í 4,25%, sem er sama lækkun og á árinu 2016. Fjármagnshöftin voru afnumin á síðasta ári gagnvart íslenskum aðilum en innflæðishöft gagnvart erlendum kaupendum íslenskra skuldabréfa eru ennþá við lýði.


Útgáfa verðtryggðra skuldabréfa jókst umtalsvert á síðasta ári og var mun meiri en útgáfa óverðtryggðra bréfa. Fyrirtæki í atvinnurekstri og almenningur völdu verðtryggðar skuldir umfram óverðtryggðar. Verðtryggðu ríkisbréfin héldu áfram að hækka í verði með lækkandi kröfu út árið á meðan meiri sveiflur einkenndu óverðtryggðu bréfin, sérstaklega í kringum þingrof og kosningar á seinni hluta ársins. Verðbólguálagið hækkaði og endaði árið í 3% sem er töluvert fyrir ofan 12 mánaða verðbólgu sem og verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2017




Heimild: Nasdaq Iceland og Kodiak

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu 2017



Heimild: Nasdaq Iceland og Kodiak

Verðbólga og stýrivextir Seðlabanka Íslands á árinu 2017



Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og Gildi-lífeyrissjóður


Erlendir verðbréfamarkaðir og gengi gjaldmiðla

Þróun erlendra hlutabréfamarkaða

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á helstu verðbréfamörkuðum var góð á árinu 2017. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index með arðgreiðslum) hækkaði um 22,4% mæld í Bandaríkjadölum, eftir næstum stöðuga hækkun allt árið. Mælt í heimamynt skilaði nýmarkaðsvísitala hæstri ávöxtun á árinu og hækkaði vísitalan MSCI Emerging Market um 34,3% talið í Bandaríkjadölum. Hin evrópska MSCI vísitala hækkaði um 7,3% mæld í evrum, eftir að hafa lækkað á þriðja ársfjórðungi ársins 2017. Hin bandaríska S&P 500 hækkaði um 19,4% mæld í Bandaríkjadölum.


Íslenska krónan styrktist töluvert gagnvart Bandaríkjadal á árinu 2017 sem leiddi til þess að hækkun erlendra hlutabréfa mæld í íslenskum krónum er lægri sem nemur styrkingu dalsins. Að teknu tilliti til styrkingar krónu gagnvart Bandaríkjadal hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 13,3% mælt í íslenskum krónum. Þróun S&P 500 vísitölunnar var jákvæð um 10,5% á árinu mælt í íslenskum krónum og hlutabréfavísitala nýmarkaða hækkaði um 24,1%. Íslenska krónan veiktist gagnvart evrunni þannig að evrópsk hlutabréf hækkuðu um 12,6%, mælt í íslenskum krónum.

Þróun erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2017, mæld í heimamynt



Heimild: Bloomberg


Þróun erlendra hlutabréfavísitalna á árinu 2017, mæld í íslenskum krónum



Heimild: Bloomberg og Seðlabanki Íslands

Á árinu 2017 var þróun krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum með ólíku sniði og nokkuð sveiflukenndari en undanfarin ár. Krónan veiktist um 4,7% gagnvart evru en styrktist um 8,0% gagnvart Bandaríkjadal. Gengi dals (USD/ISK) var 104,17 og gengi evru (EUR/ISK) 124,70 í árslok 2017 samanborið við að gengi dals var 112,55 og evrugengið 118,80 í lok ársins 2016. Gengisvísitala íslensku krónunnar stóð næstum í stað og endaði í 162,85 stigum í árslok samanborið við 161,7 stig í árslok 2016.

Gengisþróun íslensku krónunnar á árinu 2017, styrking (+) eða veiking (-) krónunnar í %



Heimild: Seðlabanki Íslands





Mercedes-Benz

Samtryggingardeild

Sjóðfélagar

Alls greiddu 53.527 sjóðfélagar iðgjöld til Gildis á árinu 2017. Sjóðfélagar eru frá 138 löndum með alls 129 ríkisföng. Aldursdreifing kynja er áþekk en flestir sjóðfélagar eru á aldrinum 17 til 28 ára. Karlar eru 58,2% sjóðfélaga og konur 41,8%.

Aldursdreifing allra sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu 2017



Sjóðfélagar í Gildi starfa innan nánast allra atvinnugreina landsins. Í töflunni má sjá skiptingu sjóðfélaga eftir atvinnugreinum m.v. iðgjöld til Gildis á árinu 2017.

Atvinnugreinar	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna	Hlutfall sjóðfélaga
Gististaðir og veitingarekstur	10,5%	11,8%	22,3%
Opinber stjórnsýsla, varnarmál og almannatryggingar	5,8%	10,0%	15,8%
Leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta	5,6%	3,1%	8,7%
Mannvirkjagerð	8,1%	0,3%	8,4%
Verslun	4,4%	2,2%	6,5%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	0,7%	4,7%	5,5%
Fullvinnsla sjávarafurða	3,4%	1,0%	4,4%
Iðnaður	3,5%	0,7%	4,2%
Fiskveiðar og -eldi	3,4%	0,4%	3,8%
Flutningar	3,0%	0,4%	3,3%
Sérfræði-, vísinda- og tæknistarfsemi	1,6%	0,5%	2,1%
Þjónusta	0,5%	0,9%	1,4%
Rafmagn, veitur og sorp	1,1%	0,2%	1,3%
Menningar-, íþrótta- og tómstundastarf	0,8%	0,5%	1,3%
Fræðslustarfsemi	0,2%	0,8%	1,0%
Fjármála- og vátryggingastarfsemi	0,6%	0,4%	1,0%
Matvælaiðnaður	0,6%	0,4%	1,0%
Félagasamtök	0,3%	0,6%	0,9%
Fasteignaviðskipti	0,5%	0,3%	0,8%
Upplýsingar og fjarskipti	0,4%	0,2%	0,6%
Landbúnaður	0,3%	0,1%	0,4%
Jarðvinnsla	0,1%	0,0%	0,1%
Annað	3,0%	2,2%	5,2%
Samtals	**58,2%**	**41,8%**	**100,0%**

Iðgjöld

Alls greiddu 5.835 launagreiðendur iðgjöld til Gildis fyrir 53.527 sjóðfélaga á árinu 2017. Heildariðgjöld sem greidd voru til sjóðsins námu 23,0 ma.kr., þar af voru 22,8 ma.kr. greiddar í samtryggingardeild.


Í árslok voru 226.014 sjóðfélagar með réttindi hjá sjóðnum sem er fjölgun um 4,2% á milli ára. Allir launamenn greiða iðgjöld í lífeyrissjóð frá 16 ára aldri. Iðgjöld til Gildis á árinu 2017 voru að lágmarki 12% af heildarlaunum. Í júlí 2016 var mótframlag flestra sjóðfélaga, þar á meðal þeirra sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og fleiri við Samtök atvinnulífsins, hækkað í 8,5%. Í júlí árið 2017 hækkaði mótframlagið í 10% og síðan mun það hækka í 11,5% í júlí 2018.

Hækkun á mótframlagi launagreiðenda:

- Júlí 2016: mótframlag 8,5% (launþegi greiðir 4%, samtals iðgjöld 12,5%)
- Júlí 2017: mótframlag 10,0% (launþegi greiðir 4%, samtals iðgjöld 14,0%)
- Júlí 2018: mótframlag 11,5% (launþegi greiðir 4%, samtals iðgjöld 15,5%)

Sjóðfélagar fá sent yfirlit tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda til sjóðsins. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun réttinda sinna og gengið úr skugga um að greiðslur skili sér frá launagreiðanda. Þessar upplýsingar eru einnig aðgengilegar á sjóðfélagavef Gildis. Sé launagreiðandi í vanskilum er lögmönnum lífeyrissjóðsins falin innheimta iðgjaldanna.

Iðgjöld áranna 2016 og 2017 eftir aldri iðgjaldagreiðenda



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu alls 15.089 milljónum króna árið 2017 og hækkuðu um 7,4 % milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 3% á árinu 2017, sem er sama hlutfall og árið 2016.

Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild

Lífeyrisþegar voru 22.255 á árinu 2017. Þar af fengu 15 lífeyrisþegar einnig greiddan elli- og makalífeyri frá umsjónarnefnd eftirlauna, samtals 3,3 milljónir króna. Af 22.255 lífeyrisþegum fengu 754 greidda fleiri en eina tegund lífeyris og eru því tvítaldir í töflunni hér að neðan.

Fjöldi lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris á árunum 2016 og 2017

	2017	2016	Breyting milli ára
Ellilífeyrisþegar	13.591	12.836	5,9%
Örorkulífeyrisþegar	5.568	5.198	7,1%
Makalífeyrisþegar	2.018	1.986	1,6%
Barnalífeyrisþegar	1.078	1.043	3,3%


Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar 2016 og 2017 (m.kr.)

	2017	2016	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	9.344	8.585	8,8%
Örorkulífeyrir	4.691	4.452	5,4%
Makalífeyrir	903	868	4,0%
Barnalífeyrir	151	147	2,7%
Samtals	**15.089**	**14.052**	**7,4%**

Orsakir örorku

Litlar breytingar hafa orðið á orsökum örorku hjá lífeyrisþegum Gildis. Sem fyrr eru annars vegar stoðkerfis- og gigtarsjúkdómar og hins vegar geð- og þunglyndissjúkdómar langalgengustu orsakir örorku.

Orsakir örorku hjá örorkulífeyrisþegum m.v. desember 2017



Lán til sjóðfélaga

Á árinu 2017 veitti Gildi alls 878 ný lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 12.819 milljónir króna. Árið áður voru lánin 625, lánveitingum fjölgaði því um 40,5% milli ára. Mikil ásókn hefur verið í sjóðfélagalán síðustu ár eftir samdrátt í eftirspurn árin eftir hrun. Lánveitingum hefur fjölgað hratt frá árinu 2014 þegar lánareglum var breytt og er þjónusta við lántakendur sífellt stærri þáttur í starfsemi Gildis.

Ár	Fjöldi nýrra lána	Heildarfjárhæð (m.kr.)
2017	878	12.819
2016	625	7.343
2015	230	2.198
2014	151	1.467
2013	59	356
2012	63	290
2011	95	505
2010	82	361
2009	164	691
2008	455	1.915

Lánareglur Gildis


Lánareglur Gildis eru sveigjanlegar og bjóða upp á fjölda möguleika fyrir sjóðfélaga. Allir sem eiga einhver réttindi hjá Gildi, hvort sem um er að ræða í samtryggingu eða séreign, geta sótt um lán hjá sjóðnum. Sjóðfélagar geta valið um verðtryggð eða óverðtryggð lán með föstum eða breytilegum vöxtum til allt að 40 ára og með allt að 75% veðhlutfalli. Lánunum er skipt í tvo hluta eftir veðhlutfalli þeirra. Annars vegar eru grunnlán fyrir veðsetningu á bilinu 0–65% af virði fasteignar og hins vegar viðbótarlán fyrir veðsetningu á bilinu 65–75%.

Útistandandi sjóðfélagalán voru 3.177 í lok árs, samtals að fjárhæð 18,5 milljarðar króna. Undanfarin ár hefur lánum í vanskilum fækkað og fjárhæðir lækkað. Um áramót var 241 lán í vanskilum eða 7,6% af heildinni samanborið við 265 lán árið áður. Vanskilin námu samtals 45,5 milljónum og voru heildar-eftirstöðvar þessara lána rúmlega 364 milljónir króna um áramót.

Ávöxtun


Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Gildis á árinu 2017 nam 7,7% en var 1,2% árið 2016. Hrein raunávöxtun deildarinnar var 5,8% samanborið við -0,9% árið áður.

Ávöxtun samtryggingardeildar




Þegar horft er til lengra tímabils nemur 5 ára meðalnafnávöxtun samtryggingardeildar 7,6% og meðalraunávöxtun 5,4%. 10 ára meðalnafnávöxtun nemur 5,2% og meðalraunávöxtun 0,5%.

Ávöxtun samtryggingardeildar



Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa samtryggingardeildar nam 13,2% reiknuð af meðalstöðu eigna í upphafi og lok árs en nafnávöxtun innlendra hlutabréfa og sjóða nam 5,1%. Góð ávöxtun ársins stafar fyrst og fremst af hækkun erlendra hlutabréfa og góðrar ávöxtunar af innlendum skuldabréfum. Erlend hlutabréf voru 25,5% af eignum samtryggingardeildar í árslok 2017. Hlutfall eigna í erlendri mynt nam 32,8%.

Ávöxtun eignaflokka samtryggingardeildar á árinu 2017




Fjárfestingar

Nettó fjárfestingar námu 27,3 mö.kr. á árinu. Alls voru keypt verðbréf fyrir 58,7 ma.kr. en á móti voru verðbréf seld fyrir 31,5 ma.kr. Lán til sjóðfélaga jukust mikið á árinu en auk þess fjárfesti sjóðurinn í skuldabréfum fyrirtækja fyrir 3,5 ma.kr., fyrir 3,1 ma.kr. í erlendum skuldabréfasjóðum og fyrir 2,5 ma.kr. í erlendum skráðum hlutabréfum.

Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2017 (m.kr.)

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
Skuldabréf	**37.760**	**10.172**	**27.587**
Ríkistryggð skuldabréf	2.242	1.273	969
Skuldabréf sveitarfélaga	510	–	510
Skuldabréf fyrirtækja	3.457	–	3.457
Skuldabréf banka og sparisjóða	218	–	218
Veðskuldabréf	12.819	–	12.819
Erlendir skammtímasjóðir	15.426	8.885	6.541
Erlendir skuldabréfasjóðir	3.087	14	3.073
Hlutabréf	**20.963**	**21.053**	**-90**
Innlend skráð hlutabréf	2.545	3.288	-743
Innlend óskráð hlutabréf	2.338	2.865	-528
Erlend skráð hlutabréf	13.044	10.557	2.487
Erlend óskráð hlutabréf	3.037	4.343	-1.306
Erlendir fasteigna- og vogunarsjóðir	**–**	**232**	**-232**
Samtals	**58.722**	**31.457**	**27.265**

Fjárfestingar samtryggingardeildar á árinu 2017 (ma.kr.) – nettó kaup



Verðbréfaeign


Verðbréfasafn samtryggingardeildar Gildis hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Einkum hefur vægi hlutabréfa aukist, bæði innlendra og erlendra, sem og vægi annarra skuldabréfa en ríkisskuldabréfa. Á sama tíma hefur vægi ríkisskuldabréfa minnkað.

Verðbréfaeign og innlán samtryggingardeildar í árslok 2017




Verðbréfaeign	Eign í m.kr	% af safni
Ríkistryggð skuldabréf	139.646	27,4%
Erlend hlutabréf	129.855	25,5%
Innlend hlutabréf	98.069	19,2%
Veðskuldabréf	30.327	6,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	30.394	6,0%
Skuldabréf fyrirtækja	30.316	6,0%
Erlend skuldabréf og skammtímasj.	17.411	3,4%
Innlán	17.175	3,4%
Skuldabréf sveitarfélaga	14.434	2,8%
Erlendir fasteignasjóðir	1.491	0,3%
Vogunarsjóðir	13	0,0%
Samtals verðbréfaeign	**509.131**	**100%**

Verðbréfaeign samtryggingardeildar eftir eignaflokkum frá 2008 til 2017 (ma.kr.)




Hlutfallsleg skipting samtryggingardeildar eftir eignaflokkum frá 2008 til 2017



Innlent hlutabréfasafn

Í árslok 2017 nam innlend hlutabréfaeign samtryggingardeildar 98,0 mö.kr., eða 19,2% af verðbréfaeign sjóðsins, samanborið við 96,8 ma.kr. og 20,8% í árslok 2016. Markaðsvirði skráðra innlendra hlutabréfa nam 76,6 mö.kr. en eign í innlendum óskráðum hlutabréfum og framtakssjóðum var metin á 21,4 ma.kr. Stærstu einstöku eignir í innlendum skráðum hlutabréfum voru 6,4% hlutur í Marel, 5,9% hlutur í Össuri og 14,4% hlutur í Reitum fasteignafélagi. Skráð bréf námu við árslok 78,2% af innlendu hlutabréfasafni samtryggingardeildar en óskráð bréf og framtakssjóðaeign nam 21,8%.

Innlend skráð hlutabréf í árslok 2017 (ma.kr.)



* Össur var afskráð af innlendum hlutabréfamarkaði á árinu, virði umreiknað úr dönskum krónum.

Innlend skráð hlutabréf í árslok 2017, hlutfallsleg eign



- Marel 19,8%
- Össur 14,9%
- Reitir 11,7%
- Icelandair 7,1%
- HB Grandi 7,5%
- Hagar 7,1%
- Eimskip 6,2%
- Síminn 4,6%
- Reginn 3,8%
- N1 3,4%
- Sjóvá 3,2%
- Fjarskipti 3,1%
- TM 2,7%
- Eik 2,2%
- Skeljungur 1,7%
- VÍS 0,9%


Innlend óskráð hlutabréf og framtakssjóðir í árslok 2017, hlutfallsleg eign



- Jarðvarmi slhf. 15,6%
- Framtaksjóður Íslands slhf. 12,6%
- Horn II slhf. 8,6%
- FAST-1 slhf. 8,2%
- SF V slhf. 6,0%
- SÍA II slhf. 5,6%
- Horn III slhf. 4,7%
- Akur slhf. 4,3%
- S38 slhf. 4,3%
- HSV eignarhaldsfélag slhf. 3,4%
- SF VI slhf. 3,3%
- Edda slhf. 2,9%
- FÍ fasteignafélag slhf. 2,8%
- Annað 17,7%

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var 4,8% á árinu. Skráð hlutabréf skiluðu 2,8% ávöxtun en óskráð hlutabréf og framtakssjóðir gáfu 12,4% ávöxtun.

Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa á árinu 2017




Innlent skuldabréfasafn

Í árslok 2017 nam innlend skuldabréfaeign samtryggingardeildar 245,5 mö.kr., eða um 48,2% af verðbréfaeign sjóðsins. Meirihluti skuldabréfa safnsins er með ríkisábyrgð og nemur sá hluti 139,6 mö.kr. eða um 56,9% af heildarskuldabréfaeigninni. Aðrir helstu flokkar skuldabréfa í safni Gildis eru skuldabréf fyrirtækja, banka og sparisjóða, sveitarfélaga og veðskuldabréf.


Innlent skuldabréfasafn í árslok 2017



Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa á árinu 2017




Innlend skuldabréf með ríkisábyrgð í árslok 2017




Við árslok var meirihluti skuldabréfa með ríkisábyrgð í safni Gildis útgefinn af Íbúðalánasjóði og forverum hans, eða 104,7 ma.kr. Ríkissjóður stóð að baki 34,3 mö.kr. þannig að 99,5% innlendra skuldabréfa með ríkisábyrgð í eigu Gildis mátti flokka á þessa tvo vegu.

Innlend skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga í árslok 2017



Lánasjóður sveitarfélaga vóg þyngst í safni sveitarfélagaskuldabréfa. Í árslok stóð eign í bréfum útgefnum af Lánasjóðnum í 6,8 mö.kr. Næst í stærðarröð komu skuldabréf Reykjavíkurborgar (þ.m.t. skuldabréf útgefin af Orkuveitu Reykjavíkur sem eru með ábyrgð borgarinnar) í um 2,7 mö.kr. og 1,8 ma.kr. útgefin af Kópavogsbæ.

Innlend skuldabréf fyrirtækja í árslok 2017




Reitir fasteignafélag var í árslok stærsti skuldari í fyrirtækjaskulda-bréfasafninu en Gildi átti þá um 7,1 ma.kr. í skuldabréfum útgefnum af félaginu. Samsvarar það 23,3% af fyrirtækjaskuldabréfasafni Gildis. Næst í röðinni var Eik fasteignafélag en samanlögð skuldabréfaeign Gildis í útgáfum þess félags nam 4,3 mö.kr. eða 14,1% af fyrirtækjaskuldabréfasafninu.

Landfestar, dótturfélag Eikar, er þar að auki á bak við um 3,0 ma.kr. útgáfur í safninu. Samtals eru þessir tveir tengdu útgefendur, Eik og Landfestar ábyrgir fyrir 24,0% fyrirtækjaskuldabréfa.


Útgáfur tengdar Regin fasteignafélagi í safni Gildis, þ.e. REG-2 Smáralind og REG-3 Atvinnuhúsnæði, voru samtals 5,0 ma.kr. í árslok, eða sem nam 16,7% af innlendum skuldabréfum fyrirtækja.

Veðskuldabréf í árslok 2017



Veðskuldabréf, þ.e. skuldabréf með veði í fasteignum, námu samtals 30,7 mö.kr. í árslok 2017. Stærsti hluti veðskuldabréfasafnsins liggur í 3.560 lánum til sjóðfélaga sem samtals stóðu í tæpum 28,0 mö.kr. í árslok. Það er nettó aukning upp á 9,5 ma.kr. milli ára. Af þessum lánum voru 60,7% með föstum verðtryggðum vöxtum, um 30,2% með breytilegum verðtryggðum vöxtum og um 9,0% með breytilegum óverðtryggðum vöxtum. Önnur veðskuldabréf og sjóðir í veðskuldabréfasafni Gildis námu 2,7 mö.kr. í lok ársins 2017.

Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja í árslok 2017




Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja námu 30,4 mö.kr. af bókfærðu virði í árslok 2017. Stærstur hluti skuldabréfa í þessum flokki, eða um 99,1%, eru sértryggð skuldabréf banka. Helstu útgefendur í flokki skuldabréfa banka og sparisjóða voru þrír stærstu bankar landsins; Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn.

Erlent verðbréfasafn


Erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar samanstendur af skráðum hlutabréfasjóðum og hlutabréfum, framtakssjóðum, fasteignasjóðum, skuldabréfasjóðum og vogunarsjóðum auk lausafjár sem fjárfest er í erlendum skammtímaskuldabréfasjóðum. Erlendar eignir samtryggingardeildar sjóðsins námu 148,7 mö.kr. í árslok 2017, eða sem nemur 29,0% af hreinni eign. Erlenda verðbréfasafnið í árslok 2017 skiptist þannig að 74,3% var í skráðum hlutabréfum eða hlutabréfasjóðum (e. equity), 13,0% í framtakssjóðum (e. private equity), 8,5% í skammtímaskuldabréfasjóðum (e. money market), 3,2% í skuldabréfasjóðum (e. bonds) og 1,0% í fasteignasjóðum (e. real estate). Eign Gildis í vogunarsjóðum (e. hedge funds) var hverfandi í árslok 2017 en þar er um að ræða safn sem hefur verið í innlausnarferli undanfarin ár.

Erlent verðbréfasafn í árslok 2017 (ma.kr.) og hlutfallsleg eignaskipting




Erlendir fjárvörsluaðilar

Hlutabréfasjóðir og sérgreint hlutabréfasafn í árslok 2017




- Vanguard 25,1%
- Blackrock 19,5%
- Templeton 7,7%
- Morgan Stanley 7,9%
- MFS 6,3%
- T.Rowe Price 5,6%
- Skagen 3,8%
- Seilern 3,6%
- Aberdeen 3,9%
- Fisher Investment 4,0%
- Montanaro 3,5%
- JP Morgan 3,2%
- State Street 3,9%
- Acadian 2,0%

Framtakssjóðir í árslok 2017




- Morgan Stanley/AIP 34,4%
- Blackrock 33,3%
- Aberdeen Standard Investments 19,4%
- NB crossroads 3,5%
- Paul Capital 2,0%
- DLJ 1,9%
- Íslandssjóðir 1,6%
- Blackstone 1,3%
- Partners Group 0,8%
- LGT 0,6%
- AlpInvest 0,6%
- Stefnir 0,3%
- KKR 0,2%

Fasteignasjóðir í árslok 2017




- Aberdeen Standard Investments 63,5%
- Metropolitan 17,9%
- Stefnir 11,3%
- Templeton 7,2%

Skuldabréf og skammtímasjóðir í árslok 2017



- Morgan Stanley 69,7%
- Rothschild 27,4%
- JP Morgan 2,9%
- Aðrir 0,1%

Nafnávöxtun erlendra verðbréfa á árinu 2017



Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu.

Í lok nóvember 2017 setti stjórn Gildis sjóðnum nýja fjárfestingarstefnu fyrir árið 2018. Í nýrri fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar er lagt upp með að hlutfall skuldabréfa verði aukið á kostnað hlutfalls hlutabréfa á árinu 2018. Sú aukning felst fyrst og fremst í auknu hlutfalli erlendra skuldabréfa sem samtryggingardeild Gildis hefur fjárfest óverulega í hingað til. Vikmörk í fjárfestingarstefnu eru áfram höfð nokkuð víð í nokkrum eignaflokkum, m.a. samanlagt hlutfall hlutabréfa og samanlagt hlutfall skuldabréfa. Það er m.a. gert vegna óvissu um hvaða fjárfestingarkostir munu standa sjóðnum til boða og í hvaða eignaflokkum þeir kostir verða, bæði innanlands og utan. Meðal helstu breytinga á vikmörkum má nefna að efri vikmörk fyrir fjárfestingar í skuldabréfum með ríkisábyrgð hafa verið lækkuð á sama tíma og efri vikmörk fyrir erlend skuldabréf hafa hækkað nokkuð frá fyrri stefnu.

Vikmörk nýrrar fjárfestingarstefnu taka mið af óljósum markaðsaðstæðum og eru sett með það að markmiði að auka getu sjóðsins til markvissra viðbragða ef á þarf að halda í framtíðinni.

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2018 og eignaskipting

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017	2018	Lágmark	Hámark
Innlán	**17.175**	**3,4%**	**0,5%**	**0%**	**10%**
Skuldabréf	**262.930**	**51,6%**	**52,5%**	**40%**	**65%**
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	139.646	27,4%	25,0%	20%	35%
Skuldabréf banka og sparisjóða	30.394	6,0%	6,5%	3%	11%
Veðskuldabréf	30.327	6,0%	6,5%	2%	11%
Skuldabréf sveitarfélaga	14.434	2,8%	2,5%	1%	6%
Skuldabréf fyrirtækja	30.316	6,0%	7,0%	3%	12%
Erlendir skammtímasjóðir	12.639	2,5%	0,0%	0%	10%
Erlend skuldabréf	4.773	0,9%	5,0%	0%	8%
Hlutabréf	**227.892**	**44,7%**	**46,0%**	**30%**	**60%**
Innlend hlutabréf	98.069	19,2%	20,0%	10%	28%
Erlend hlutabréf	129.855	25,5%	26,0%	15%	35%
Aðrar fjárfestingar	**1.505**	**0,3%**	**1,0%**	**0%**	**4%**
Erlendir fasteignasjóðir	1.491	0,3%	1,0%	0%	3%
Vogunarsjóðir	13	0,0%	0,0%	0%	1%
Samtals	**509.131**	**100%**	**100%**		

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2017. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 809 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga. Þegar tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda eru eignir sjóðsins 13.640 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% raunávöxtunarviðmið. Heildarstaða sjóðsins var því neikvæð um 1,5% í árslok 2017 samanborið við 2,7% neikvæða stöðu í árslok 2016.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektar á heildarstöðu sjóðsins. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2016.


Niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar (þús.kr.)

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	512.863.229	467.576.281
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	(519.584)	5.079.982
Fjárfestingarkostnaður	(1.210.542)	(1.102.889)
Núvirði framtíðariðgjalda	375.175.835	323.282.601
Rekstrarkostnaður	(17.384.770)	(15.256.925)
Eignir samtals	**868.924.168**	**779.579.051**
Skuldbindingar		
Ellilífeyrir	675.905.909	611.864.948
Örorkulífeyrir	157.515.489	143.160.380
Makalífeyrir	43.278.840	40.322.733
Barnalífeyrir	5.863.628	5.547.098
Skuldbindingar samtals	**882.563.866**	**800.895.159**
Eignir umfram skuldbindingar	**(13.639.698)**	**(21.316.108)**
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	**-1,5%**	**-2,7%**

Í úttektinni er miðað við nýjar og sérhæfðar örorkulíkur sem byggja á reynslu sjóðfélaga Gildis á árunum 2010–2014 og voru unnar í árslok 2017. Áður höfðu örorkulíkur verið reiknaðar með 28% álagi á staðlaðar örorkulíkur. Þá er eins og undanfarin ár miðað við lífslíkur sem byggja á reynslu áranna 2010 til 2014 á Íslandi.

Tryggingafræðingur sjóðsins hefur boðað að við gerð næstu tryggingafræðilegrar athugunar verði miðað við nýjar eftirlifendatöflur og að í þeim verði spá um lækkun á dánartíðni á komandi árum. Þessi forsendubreyting mun auka verulega skuldbindingar sjóðsins og jafnframt sýna réttari niðurstöðu sem á að tryggja að hver kynslóð fái greiddan sanngjarnan lífeyri, hvorki sé verið að ganga á hlut þeirra sem eru komnir á lífeyri né þeirra sem eiga eftir að hefja töku lífeyris. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar um hvernig þessum auknu skuldbindingum verði mætt, en líklegt er að það verði gert með því að hækka ellilífeyristökualdur sjóðfélaga og að sú breyting muni raungerast yfir langt tímabil.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu — heildarstaða



Örorkubyrði / örorkuframlag

Örorkubyrði Gildis og örorkulíkur sjóðfélaga í tryggingafræðilegri úttekt eru með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Í úttekt m.v. 31.12.2017 var miðað við nýjar og sérhæfðar örorkulíkur sem byggja á reynslu sjóðfélaga Gildis á árunum 2010–2014 og voru unnar í árslok 2017. Áður höfðu örorkulíkur verið reiknaðar með 28% álagi á staðlaðar örorkulíkur. Hjá mörgum íslenskum lífeyrissjóðum eru örorkulíkurnar allt að helmingi lægri en hjá Gildi.

Til að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað örorkuframlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Framlagið nam 1.528 m.kr. á árinu 2017. Á grundvelli ákvæðis í samþykktum Gildis frá árinu 2011 hefur sjóðurinn nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga um 4,5%. Hækkandi iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og hærri lífeyrisgreiðslur leiða hins vegar til þess að örorkuframlagið stendur ekki lengur undir þeirri réttindahækkun. Í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings sjóðsins var samþykkt á ársfundi 2017 að lækka uppbót vegna örorkuframlags úr 4,5% í 4,0% og kom það til framkvæmda í ársbyrjun 2018.





Séreignardeild

Rétthafar / lífeyrir

Rétthafar í séreignardeildum voru 36.515 í árslok 2017, þar af áttu 447 rétt í tilgreindri séreign. Tilgreind séreign kemur til vegna kjarasamnings ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 og tengist hækkun á framlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Samkvæmt samningnum hafa einstaklingar val um að ráðstafa auknu framlagi launagreiðanda í tilgreinda séreign í stað samtryggingar og höfðu 575 sjóðfélagar valið þá leið í árslok 2017.

Hrein eign séreignardeildar var 4.468 milljónir króna í árslok og hækkaði um 367 milljónir króna frá fyrra ári. Greiddar voru út 100 milljónir króna á árinu. Nýir samningar um séreignarsparnað voru 111 á árinu og fjölgaði þeim töluvert milli ára. Að einhverju leyti má rekja þá fjölgun til nýrra laga sem tóku gildi á árinu um stuðning við kaup á fyrstu fasteign. Alls hafa 315 sjóðfélagar sótt um að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán frá því sú ráðstöfun var heimiluð í júlí 2014. Heimildin átti upphaflega að gilda til 30. júní 2017 en hefur nú verið framlengd til 30. júní 2019.

Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar á árinu 2017 (þús.kr.)


	Framtíðarsýn 1	Framtíðarsýn 2	Framtíðarsýn 3	Samtals
Ellilífeyrir	33.608	28.754	25.204	87.565
Örorkulífeyrir	295	2.008	0	2.303
Makalífeyrir	5.584	1.682	126	7.392
Eingreiðsla – arfur	958	1.923	63	2.944
Barnalífeyrir	0	46	0	46
Samtals	**40.445**	**34.412**	**25.393**	**100.249**

Ávöxtun


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 1, sem er ávöxtun að frádregnum rekstrarkostnaði, nam 7,7% á árinu en hrein raunávöxtun var 5,9%. Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 nam 7,5% og hrein raunávöxtun 5,7%. Verðtryggð innlán Framtíðarsýnar 3 skiluðu 3,6% hreinni nafnávöxtun eða 1,8% raunávöxtun.

Mismunandi ávöxtun milli deilda stafar af því að eignaflokkar vega misþungt í söfnum þeirra. Til að mynda eru einungis verðtryggð innlán í Framtíðarsýn 3. Ríkistryggð skuldabréf námu 39,7% í safni Framtíðarsýnar 1 í árslok og innlend og erlend hlutabréf samtals 34,6%. Í safni Framtíðarsýnar 2 námu ríkistryggð skuldabréf 45,2% og innlend og erlend hlutabréf samtals 24,1%.

Ávöxtun séreignardeildar á árinu 2017




Verðbréfaeign séreignardeildar í árslok 2017



Framtíðarsýn 1


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 1 var 7,7% eða sem nemur 5,9% hreinni raunávöxtun. Fimm ára meðalraunávöxtun nemur nú 4,9% en 2,9% sé horft til síðustu 10 ára.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 1



Innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 1 skilaði 0,6% neikvæðri ávöxtun á árinu 2017, en þá er horft á ávöxtun skráðra hlutabréfa sem og óskráðra. Innlend hlutabréf eru samtals 14,6% af eignum deildarinnar. Skuldabréf, sem eru samtals 61,1% af safninu, skiluðu 7,9% ávöxtun. Erlend hlutabréf skiluðu 15,6% ávöxtun eða mest eignaflokka fjárfestingarleiðarinnar.

Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 1 á árinu 2017




Fjárfestingar

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1, þ.e. kaup umfram sölu, námu 102,6 m.kr. á árinu. Kaup á fasteignatryggðum skuldabréfum voru fyrirferðamikil, en þau námu tæpum 80 m.kr. Einnig voru innlend skráð hlutabréf keypt í nokkrum mæli, en þar á móti kom umtalsverð sala.

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2017 (þús.kr.)

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
Skuldabréf	**116.992**	**–**	**116.992**
Ríkistryggð skuldabréf	25.000	–	25.000
Skuldabréf fyrirtækja	79.662	–	79.662
Skuldabréf banka og fjármálafyrirt.	12.330	–	12.330
Hlutabréf	**197.091**	**211.467**	**–14.376**
Innlend hlutabréf	126.091	64.822	61.269
Erlend hlutabréf	71.000	146.645	–75.645
Samtals	**314.083**	**211.467**	**102.616**

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 1 á árinu 2017 (þús.kr.) – nettó kaup



Fjárfestingarstefna

Í Framtíðarsýn 1 er 35% safnsins að jafnaði í hlutabréfum og 65% í skuldabréfum. Þegar stór hluti safnsins er bundinn í hlutabréfum má búast við nokkrum sveiflum í ávöxtun en um leið eru ávöxtunarmöguleikar meiri til lengri tíma litið. Í árslok 2017 var 34,6% safnsins bundið í hlutabréfum og 65,4% í skuldabréfum.


Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 1 og eignaskipting í lok árs 2017

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr) 31.12.2017	Eignir (%) 31.12.2017	Stefna 2018	Heimiluð frávik Lágmark	Hámark
Skuldabréf	**1.249**	**65,4%**	**65,0%**	**55,0%**	**75,0%**
Innlán	82,2	4,3%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	757,0	39,7%	35,0%	25,0%	65,0%
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	193,0	10,1%	10,0%	0,0%	20,0%
Veðskuldabréf	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	79,2	4,1%	3,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	137,6	7,2%	10,0%	0,0%	15,0%
Erlendir skammtímasjóðir	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Erlend skuldabréf	0,0	0,0%	6,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf	**659,9**	**34,6%**	**35,0%**	**25,0%**	**45,0%**
Innlend hlutabréf	279,3	14,6%	14,0%	0,0%	25,0%
Erlend hlutabréf	380,6	19,9%	21,0%	10,0%	40,0%
Samtals	**1.908,9**	**100%**	**100%**		

Framtíðarsýn 2


Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 var 7,5% eða sem nemur 5,7% hreinni raunávöxtun. Sé litið til lengri tíma nemur fimm ára meðalraunávöxtun nú 4,7% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára 2,4%.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 2



Innlent hlutabréfasafn Framtíðarsýnar 2 lækkaði um 1,2% á árinu 2017 sem byggir jafnt á ávöxtun skráðra og óskráðra hlutabréfa. Í árslok voru innlend hlutabréf 10,3% af heildarsafni fjárfestingarleiðarinnar og skuldabréf 71,1%. Ávöxtun skuldabréfa Framtíðarsýnar 2 var 7,8% á árinu.

Nafnávöxtun helstu eignaflokka Framtíðarsýnar 2 á árinu 2017




Fjárfestingar

Fjárfest var fyrir 147,6 m.kr. nettó fyrir Framtíðarsýn 2. Mest var fjárfest í skuldabréfum fyrirtækja, eða fyrir tæpar 80 m.kr. á meðan dregið var úr erlendri hlutafjáreign um 50 m.kr.

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2017 (þús.kr.)

Verðbréfaflokkur	Kaup	Sala	Nettó
Skuldabréf	**226.593**	**58.146**	**168.447**
Ríkistryggð skuldabréf	97.732	58.146	39.586
Skuldabréf fyrirtækja	79.662	–	79.662
Skuldabréf banka og fjármálafyrirt.	49.199	–	49.199
Hlutabréf	**80.388**	**101.221**	**–20.833**
Innlend hlutabréf	80.388	51.605	28.783
Erlend hlutabréf	–	49.616	–49.616
Samtals	**306.982**	**159.367**	**147.614**

Fjárfestingar Framtíðarsýnar 2 á árinu 2017 (þús.kr.) – nettó kaup



Fjárfestingarstefna

Samkvæmt fjárfestingarstefnu Framtíðarsýnar 2 eiga 20% safnsins að jafnaði að vera í hlutabréfum og 80% í skuldabréfum, en þessi skipting á að stuðla að stöðugleika safnsins. Í árslok 2017 skiptust eignir Framtíðarsýnar 2 þannig að 24,1% þeirra voru í hlutabréfum en 75,9% í skuldabréfum.


Fjárfestingarstefna Framtíðarsýnar 2 og eignaskipting

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017	2018	Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	**1.411,5**	**75,9%**	**80,0%**	**70,0%**	**90,0%**
Innlán	88,2	4,7%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	840,1	45,2%	43,0%	35,0%	80,0%
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	217,9	11,7%	12,0%	0,0%	20,0%
Veðskuldabréf	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	92,9	5,0%	4,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	172,3	9,3%	12,0%	0,0%	20,0%
Erlendir skammtímasjóðir	0,0	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Erlend skuldabréf	0,0	0,0%	8,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf	**448,7**	**24,1%**	**20,0%**	**10,0%**	**30,0%**
Innlend hlutabréf	191,5	10,3%	8,0%	0,0%	20,0%
Erlend hlutabréf	257,3	13,8%	12,0%	5,0%	25,0%
Samtals	**1.860,2**	**100,0%**	**100,0%**		

Framtíðarsýn 3

Eignir Framtíðarsýnar 3 eru einvörðungu í verðtryggðum innlánum, líkt og fjárfestingarstefna leiðarinnar kveður á um. Hrein nafnávöxtun fjárfestingarleiðarinnar var 3,6%, eða sem nemur 1,8% hreinni raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðastliðin 5 ár mælist nú 1,6%, en 2,5% sé litið til síðustu 10 ára.

Ávöxtun Framtíðarsýnar 3



Fjárfestingarstefna og eignaskipting

Eignir fjárfestingarleiðarinnar eru eingöngu í verðtryggðum innlánum sem takmarkar sveiflur í ávöxtun milli ára.

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr)	Eignir (%)	Stefna	Heimiluð frávik	
	31.12.2017	31.12.2017	2018	Lágmark	Hámark
Verðtryggð innlán	701,6	100%	100%	100%	100%
Samtals	701,6	100%	100%		





Hluthafastefna

Hluthafastefna sjóðsins er höfð að leiðarljósi við ákvarðanir sjóðsins um fjárfestingar og segir til um það hvernig Gildi hyggst beita sér sem fjárfestir og hvernig sjóðurinn mun fylgja fjárfestingum sínum eftir.

Helstu áherslur í hluthafastefnu sjóðsins:

- Stjórnarhættir Gildis – lífeyrissjóðs sem hluthafa eru útfærðir með skipulegum hætti ásamt eftirfylgni sjóðsins og áherslum.
- Lögð er áhersla á gagnkvæm samskipti við stjórnir og kveðið á um form, fyrirkomulag og efni samskipta með skipulegum hætti.
- Áhersla er lögð á aukna virkni hluthafafunda sem vettvang fyrir hagsmunaaðila til að skiptast á skoðunum ásamt tillögugerð og ákvarðanatöku.
- Sett eru fram tiltekin viðmið sem sjóðurinn telur rétt að hafa til hliðsjónar við mótun starfskjarastefnu félaga, greiningu á áhrifum þeirra og viðmið um upplýsingar sem sjóðurinn telur æskilegt að séu tilgreindar í skýrslum um framkvæmd starfskjarastefna.

Markmið Gildis er m.a. að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi, í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum þeirra, sjálfbærni og ábyrgum stjórnarháttum. Þá vill sjóðurinn stuðla að auknu gegnsæi og ábyrgð sem eigandi og fjárfestir á markaði.

Hluthafastefna Gildis gildir um fjárfestingar sjóðsins í þeim félögum sem sjóðurinn á verulegan eignarhlut í. Að jafnaði er stofnað til samskipta við formenn stjórna viðkomandi félaga. Í samskiptum Gildis við einstök félög er ávallt gætt að ákvæðum laga um innherjaupplýsingar og reglum samkeppnislaga.

Við val á einstaklingum sem Gildi tilnefnir og styður til stjórnarsetu fylgir sjóðurinn faglegu ferli þar sem hæfi, menntun, þekking og reynsla eru könnuð. Einnig er hugað að samsetningu hverrar stjórnar með hliðsjón af fjölbreyttri þekkingu, reynslu og kynjahlutfalli. Síðustu ár hefur sjóðurinn auglýst eftir einstaklingum sem hafa áhuga á stjórnarsetu í hlutafélögum með stuðningi Gildis. Fyrirkomulagið hefur reynst vel og hefur sjóðurinn að undanförnu getað valið úr hópi mjög hæfra einstaklinga þegar tilnefnt er í stjórnir.

Stjórn Gildis tók ákvörðun um það á árinu 2016 að birta upplýsingar um atkvæðagreiðslur og tillögugerð sjóðsins á aðalfundum skráðra hlutafélaga. Þetta er gert til að auka gegnsæi í störfum sjóðsins sem hluthafa og eru upplýsingarnar aðgengilegar á vef sjóðsins.

Lögð hefur verið áhersla á að tillögur fyrir hluthafafundi séu vel rökstuddar og ekki umfangsmeiri en ástæða er til. Sérstaklega á þetta við þegar um er að ræða ráðstöfun hlutafjár, s.s. varðandi hækkun hlutafjár, kaup eigin hlutabréfa og veitingu kauprétta. Þá er hvatt til þess að starfskjarastefnur séu skýrar og greinargóðar og að viðeigandi upplýsingar séu veittar um framkvæmd þeirra.

Á aðalfundum félaga á árinu 2017 lagði Gildi fram tillögur varðandi heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum á aðalfundum tveggja hlutafélaga. Tillögugerðin sneri annars vegar að því að heimildir væru ekki veittar til lengri tíma en þörf er á og hins vegar að viðskipti með eigin hlutabréf færu ávallt fram á jafnræðisgrundvelli fyrir alla hluthafa með formlegum hætti þar sem framkvæmd viðskipta liggur fyrir fyrirfram. Þá greiddi Gildi atkvæði gegn tillögu um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár hjá einu félagi, þar sem ekki var rökstudd þörf fyrir henni.

Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsmenn Gildis

Hlutverk Gildis–lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt gegnir Gildi mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er að fara með yfirstjórn hans eins og kveðið er á um í samþykktum, lögum og reglum. Í því felst m.a. reglubundin almenn stefnumörkun, ákvarðanir um helstu mál og virk eftirfylgni með þeim ákvörðunum sem teknar eru. Stjórnin gegnir jafnframt eftirlitshlutverki og tryggir að allar viðeigandi aðgerðir til eftirlits innan sjóðsins séu framkvæmdar í samræmi við lög, reglur, góða starfshætti og verklagsvenjur. Stjórnin fylgir eftir ákvörðunum sínum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavini, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Í öllum störfum sínum fyrir sjóðinn leggja stjórn og starfsmenn áherslu á heilbrigða skynsemi og dómgreind. Gengið er fram af hófsemi og fyrirhyggju en jafnframt verða stjórn og starfsmenn að vera trúir sannfæringu sinni og vinna samkvæmt bestu samvisku.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en jafnframt á nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og enn fremur virðingu og sanngirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.

Samskipti við aðila á fjármagnsmarkaði byggjast á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegum misfellum eftir því sem við á. Upplýsingar eru ekki misnotaðar og trúnaður við viðskiptaaðila er haldinn vegna allra lögmætra viðskipta.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins leitast í samskiptum sínum við opinbera aðila og eftirlitsstofnanir við að skapa traust á sjóðnum á grundvelli þess að lög og reglur eru haldin í heiðri. Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn Gildis gæta fyllstu fagmennsku í samskiptum við almenning og fjölmiðla. Jafnan skal svara spurningum í samræmi við bestu vitneskju og án nokkurrar tilraunar til þess að villa um fyrir spyrjanda eða afvegaleiða viðkomandi. Ef spurningu er ekki hægt að svara vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir eða vegna trúnaðar skal það tekið fram með opnum hætti og skýrt út.

Stjórn og starfsmenn hafa metnað fyrir hönd sjóðsins. Í því felst að bera hag hans fyrir brjósti og leggja sig fram um að ná árangri fyrir hans hönd. Stjórn og starfsmenn eru hvattir til að vera málsvarar sjóðsins þegar tækifæri gefst.

Gjafir eru ekki þegnar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna, ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góða viðskiptavenju.

Við ráðningu skal kynna siða- og samskiptareglur sjóðsins fyrir starfsmönnum. Sama gildir um stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn sjóðsins. Brot starfsmanna á reglum þessum geta varðað áminningu eða uppsögn.

Reglur þessar eru birtar á heimasíðu sjóðsins.

Samþykkt á fundi stjórnar 8. janúar 2015.

Áhættustefna

Stjórn Gildis-lífeyrisjóðs setur áhættustefnu fyrir sjóðinn. Áhættustefnan nær yfir starfsemi Gildis og útvistun til þriðju aðila, bæði hvað varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Áhættustefnan skilgreinir áhættuvilja og áhættuþol sjóðsins og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu.

Áhættustýring er skilgreind sem þær áherslur, reglur, verkferlar, verklag, aðferðafræði og samantekt upplýsinga sem beitt er til að greina, mæla, meta, stýra og fylgjast með áhættu í eignasafni og starfsemi sjóðsins. Markmið með áhættustýringu er að starfsmenn og stjórn sjóðsins hafi góða yfirsýn yfir þá áhættuþætti sem til staðar eru hjá sjóðnum og geti metið hugsanleg áhrif þeirra á sjóðinn.

Í lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru skilgreindar heimildir sjóðsins til fjárfestinga og hámark fjárfestinga í einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefna sjóðsins er mikilvægur þáttur í áhættustýringu en þar eru settar fram takmarkanir og viðmið um helstu fjárhagslega áhættuþætti. Áhættustefnu Gildis er ætlað að styðja við það markmið fjárfestingarstefnu, að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu. Stjórn sjóðsins setur einnig áhættustýringarstefnu að fenginni tillögu ábyrgðaraðila áhættustýringar. Í áhættustýringarstefnu er fjallað ítarlega um framkvæmd áhættustýringar sjóðsins.

Áhættuvilji

Áhættuvilji er skilgreindur sem sú áhætta sem stjórn sjóðsins er reiðubúin að taka. Áhættuvilji Gildis er skilgreindur í fjárfestingarstefnu og vikmörkum hennar fyrir samtryggingardeild og séreignarleiðir sjóðsins með það að markmiði að ávaxta fé sjóðfélaga/rétthafa með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Við mótun fjárfestingarstefnu eru skoðaðir þættir eins og lífeyrisbyrði, tryggingafræðileg staða, aldursdreifing sjóðfélaga og rétthafa, framtíðargreiðsluflæði, núverandi eignasamsetning, aðstæður á mörkuðum, áhættumælikvarðar og áhættuþol sjóðsins. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á mótun fjárfestingarstefnu og þar með áhættuvilja sjóðsins sem getur verið aukinn eða minnkaður byggt á mati á fyrrnefndum þáttum sem mynda áhættusnið sjóðsins.

Áhættuþol

Áhættuþol samtryggingardeildar og séreignarleiða sjóðsins felst í settum viðmiðum um hlutföll einstakra eignaflokka og öðrum eignatakmörkunum í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Ef sjóðurinn nálgast sett vikmörk eða viðmið gæti þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að forðast að frávik verði, m.a. með breytingum á eignasafni.

Því til viðbótar tekur langtímaáhættuþol samtryggingardeildar mið af tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar hverju sinni. Samkvæmt lögum ber sjóðnum að grípa til sérstakra aðgerða leiði tryggingafræðileg athugun í ljós meiri en 10% mun á milli eignaliða og skuldbindinga eða ef munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár, samanber 2. mgr. 39. gr laga nr. 129/1997. Sérstakar aðgerðir geta verið breytingar á réttindum sjóðfélaga. Við mat á því hvaða aðgerðir séu viðeigandi er horft til þess að leita langtímalausna og eru hagsmunir sjóðfélaga hafðir að leiðarljósi. Fylgjast skal með þróun tryggingafræðilegrar stöðu og beita fyrirbyggjandi aðgerðum ef þess er kostur. Nær þetta bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum, þ.e. allra atvika er geta orðið þess valdandi að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Frávik, áhættuþættir og endurskoðun

Frávik frá settum viðmiðum og mörkum í fjárfestingar- og áhættustefnu er varða fjárhagslega áhættu eru tafarlaus tilkynnt til viðeigandi aðila innan sjóðsins og ef upp koma alvarleg frávik er Fjármálaeftirlitinu tilkynnt það hið fyrsta. Helstu áhættuþættir í rekstri sjóðsins eru markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, lausafjárahætta, skuldbindingaáhætta og rekstraráhætta.

Fyrsta áhættustefnan fyrir Gildi var samþykkt af stjórn sjóðsins árið 2011 og er hún endurskoðuð árlega hið minnsta. Í upphafi árs 2018 var samþykkt ný áhættustefna fyrir sjóðinn. Stefnan byggir á reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða og leiðbeiningum Fjármálaeftilitsins vegna eigin áhættumats lífeyrissjóða gefnum út í janúar 2018.

Áhættustefnan er birt í heild sinni á vef sjóðsins.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Gildi setti sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar á árinu, sem var samþykkt á stjórnarfundi 28. júní 2017. Er það gert í samræmi við lög um að lífeyrissjóðir skuli setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Í stefnunni er lögð áhersla á að í fjárfestingum sé litið til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta. Gildi er hlutfallslega stór fagfjárfestir á íslenskum verðbréfamarkaði en stærð sjóðsins á erlendum vettvangi er hlutfallslega lítil. Því er lögð áhersla á innlendar fjárfestingar í stefnunni.

Markmið

Gildi er langtímafjárfestir og hefur það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og tryggja þeim bestu lífeyrisréttindi sem kostur er á. Þetta er gert með ávöxtun iðgjalda, áhættustýringu og hagkvæmum rekstri. Með stefnu um ábyrgar fjárfestingar vill Gildi skýra hvaða áherslur sjóðurinn hefur á sviði umhverfismála og félagslegra málefna sem eigandi í þeim félögum sem fjárfest er í. Tillit er tekið til þessara þátta að því marki sem rúmast innan framangreindra heildarmarkmiða sjóðsins um hámörkun lífeyrisréttinda til sjóðfélaga.

Framkvæmd stefnunnar

Stefna um ábyrgar fjárfestingar er höfð til hliðsjónar við ákvarðanir Gildis um einstakar fjárfestingar og eftirfylgni með fjárfestingum, ásamt því að vera til hliðsjónar við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast framkvæmd stefnunnar í samráði við stjórn og starfsmenn sjóðsins. Við framkvæmd stefnunnar skal gætt að viðeigandi reglum um hagsmunaárekstra og vanhæfi.

Framkvæmd ábyrgra fjárfestinga

Gildi beitir sér sem eigandi að því að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Grunngildi sjóðsins á sviði umhverfismála og félagslegra málefna byggja á grunngildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.

Almennt ber skráðum fyrirtækjum að upplýsa árlega um mat á þróun, umfangi, stöðu og áhrifum fyrirtækisins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál og jafnframt gera grein fyrir stefnu fyrirtækisins í mannréttindamálum og hvernig viðkomandi spornar við spillingar- og mútumálum. Gildi hvetur til greinargóðrar upplýsingagjafar fyrirtækja á sviði umhverfismála og félagslegra málefna.

Tengist fyrirtæki skráð á innlendan markað broti á sviði umhverfismála og félagslegra málefna er markmið sjóðsins að beita sér sem eigandi þannig að látið verði af viðkomandi broti án tafar. Jafnframt er farið fram á að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að ekki komi til sambærilegra atvika aftur. Ef slíkar aðgerðir bera ekki fullnægjandi árangur tekur sjóðurinn til skoðunar sölu viðkomandi eignarhlutar í heild eða að hluta. Við viðvarandi eða ítrekuð brot getur sjóðurinn útilokað einstakar fjárfestingar þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

Gildi hefur væntingar til þess að eignastýringaraðilar sem sjóðurinn er í viðskiptum við beiti sér eftir því sem við á með sambærilegum hætti gagnvart fjárfestingum sínum.

Erlendar fjárfestingar

Sjóðurinn getur ákveðið að styðja aðgerðir annarra fjárfesta er snúa að umhverfismálum og félagslegum málefnum þegar atvik koma upp ásamt því að beita sér sjálfur ef eignarhald sjóðsins í viðkomandi fyrirtæki gefur tilefni til þess. Kallað er eftir því hvort eignastýringaraðilar sjóða hafi sett sér stefnu í umhverfismálum og félagslegum málefnum áður en fjárfest er í viðkomandi sjóðum. Slíkar stefnur eru þó ekki skilyrði fjárfestingar.

Stefna þessi er endurskoðuð af stjórn Gildis árlega og er hún birt í heild sinni á heimasíðu sjóðsins.

Samtök um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar

Gildi – lífeyrissjóður var á meðal stofnenda Samtaka um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á Íslandi (IcelandSIF) sem stofnuð voru 13. nóvember 2017 af breiðum hópi innlendra fagfjárfesta. Samtökunum er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar. Þau eru óháður vettvangur umræðu og taka ekki afstöðu til álitamála. Stofnendur samtakanna voru ellefu lífeyrissjóðir, fjórir bankar, þrjú tryggingafélög, fjögur rekstrarfélög verðbréfasjóða og eitt eignastýringarfyrirtæki, samtals 23 fyrirtæki og sjóðir. Öll eiga þau það sameiginlegt að fjárfesta fyrir eigin reikning eða í umboði þriðja aðila með starfsemi á Íslandi.

Davíð Rúdolfsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi, er varaformaður stjórnar og Árni Hrafn Gunnarsson, lögfræðingur Gildis, er formaður vinnuhóps samtakanna sem fjallar um siðferðileg viðmið í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fundir

Sjóðfélagafundur

Það er stefna stjórnar Gildis að halda a.m.k. einn opinn sjóðfélagafund á ári og var slíkur fundur haldinn 30. nóvember 2017. Á fundinum fór Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, yfir stöðu sjóðsins og helstu þætti í starfseminni. Þá flutti Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttisráðherra, erindi með yfirskriftinni „Látið lífeyrissjóðina okkar í friði". Þar fór hann meðal annars yfir stöðu og styrkleika íslenska lífeyriskerfisins og samspil þess við almannatryggingar. Í erindinu var enn fremur eftirfarandi spurningum varpað fram og reynt að leita svara við þeim:

- Er gagnrýni á lífeyrissjóðina réttmæt?
- Er íslenska lífeyriskerfið dýrt í rekstri?
- Heldur 3,5% ávöxtunarkrafa vöxtum háum hér á landi?
- Er lífeyriskerfið of stórt?

Niðurstaða Þorsteins var í stuttu máli sú að svarið við öllum þessum spurningum væri nei.

Glærur sem Árni og Þorsteinn notuðu þegar þeir fluttu erindi sín eru aðgengilegar á vef Gildis.

Aukaársfundur

Boðað var til aukaársfundar Gildis fimmtudaginn 22. júní 2017. Efni fundarins var að gera breytingar á samþykktum sjóðsins til þess að unnt væri að framfylgja ákvæði kjarasamnings ASÍ og SA frá 21. janúar 2016. Þar má finna ákvæði um svokallaða tilgreinda séreign, sem kveður á um að sjóðfélagar geti ráðstafað iðgjaldi umfram 12%, að hluta eða öllu leyti, í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar. Tillaga þess efnis var borin upp á fundinum og samþykkt.

Ársfundur

Ársfundur Gildis árið 2017 var haldinn á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 27. apríl. Tæplega 100 manns sóttu fundinn, en þar kynntu Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður og Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri starfsemi sjóðsins árið 2016 og fóru yfir lykiltölur í rekstri.

Þá lágu fyrir á fundinum tvær tillögur um breytingar á samþykktum.

- Tillaga um að þeim varamönnum sem kosnir eru af fulltrúum launþega í stjórn Gildis yrði fækkað úr fjórum í tvo.
- Tillaga um breytingu á grein 9.12 þar sem fjallað er um hækkun á réttindum lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga vegna árlegrar greiðslu ríkissjóðs til lífeyrissjóða til að jafna stöðu þeirra vegna mismunandi örorkubyrði. Samkvæmt samþykktum voru réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega aukin um 4,5% vegna þessarar inngreiðslu ríkissjóðs. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings stóð greiðslan ekki undir svo mikilli réttindaaukningu og því var lagt til að hún yrði lækkuð niður í 4%.

Báðar tillögur voru samþykktar samhljóða.

Tillaga að ályktun um að óska eftir viðræðum við þrjá aðra lífeyrissjóði um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar var aftur á móti felld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Vefur Gildis

Heimasíða Gildis, www.gildi.is, er andlit sjóðsins á netinu. Mikilvægt er að heimasíða sjóðsins uppfylli allar þær tæknilegu kröfur sem gerðar eru hverju sinni og að þar sé á einfaldan og þægilegan hátt hægt að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans. Til að tryggja þetta var ný heimasíða tekin í notkun í lok ársins 2017, en fyrri síða var komin nokkuð til ára sinna. Nýja síðan var smíðuð af auglýsingastofunni Brandenburg í samstarfi við starfsmenn og stjórnendur Gildis. Meðal nýjunga á síðunni má nefna að síðan lagar sig nú að þeim tækjum sem hún er skoðuð í, hvort sem um er að ræða tölvur, snjallsíma eða spjaldtölvur. Við smíði nýrrar heimasíðu var lögð aukin áhersla á rafræna þjónustu, en þar er nú hægt að sækja rafrænt um m.a. lífeyri, lán og séreignarsparnað. Á heimasíðunni er meðal annars að finna almennar upplýsingar um starfsemi Gildis, rekstur, fjárfestingarstefnu, eignasamsetningu og ávöxtun. Einnig er þar að finna upplýsingar um lífeyri, lán, lánakjör, séreignarsparnað, samskipta- og siðareglur, ársskýrslur, samþykktir sjóðsins og margt fleira. Reiknivélar hafa einnig verið uppfærðar en þær gera notendum síðunnar kleift að reikna út greiðslubyrði lána, núverandi og áætlaðan lífeyri og séreignarlífeyri miðað við valdar forsendur.

Sjóðfélagavefur

Á sjóðfélagavef Gildis er að finna upplýsingar um öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn og jafnframt eru þar aðgengileg öll yfirlit sem send hafa verið sjóðfélögum, en ætlunin er að þess háttar birting taki við af pappírssendingum í tímans rás. Einnig birtast þar upplýsingar um áunnin réttindi sjóðfélaga við tilgreindan aldur skv. samþykktum sjóðsins og séreign ef einhver er. Á sjóðfélagavefnum er að finna yfirlit lífeyrisgreiðslna sem sjóðfélagi hefur fengið greiddar úr sjóðnum og yfirlit yfir lán sem sjóðfélagi hefur tekið hjá sjóðnum. Sjóðfélagar eru hvattir til að nýta sér þá möguleika sem vefurinn hefur upp á að bjóða. Einfalt er að skrá sig inn með því að nýta rafræn skilríki en einnig eiga sjóðfélagar að vera búnir að fá sendan veflykil. Ef svo er ekki er hægt að sækja um hann á vefnum eða senda beiðni á netfangið gildi@gildi.is.

Lífeyrisgátt

Landssamtök lífeyrissjóða starfrækja svokallaða Lífeyrisgátt sem sjóðfélagar Gildis geta tengst í gegnum sjóðfélagavefinn. Þar geta launþegar á einum stað nálgast upplýsingar um öll lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum, en algengt er að fólk eigi lífeyrisréttindi í mörgum sjóðum og erfitt getur reynst að hafa yfirsýn yfir þau. Það verkefni hefur nú verið einfaldað til muna með tilkomu Lífeyrisgáttarinnar.

Launagreiðendavefur

Á launagreiðendavef Gildis geta launagreiðendur fylgst með innsendum skilagreinum, skoðað yfirlit og aðgætt stöðu sína eins og hún er á hverjum tíma. Einnig er möguleiki á því að skrá iðgjöld launþega beint inn og losna þar með við pappírinn og þá vinnu sem honum fylgir. Hlutfall rafrænna skilagreina hefur vaxið ár frá ári og var á árinu 2017 orðið 89,3% af innsendum skilagreinum samanborið við 84% árið áður.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Örorkubyrði Gildis-lífeyrissjóðs er mikil og meiri en flestra annarra lífeyrissjóða. Gildi hefur lagt mikla áherslu á að byggja upp samstarf við VIRK starfsendurhæfingarsjóð sem hefur það hlutverk að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Gildi hefur hag af því að þeir sem njóta örorkulífeyris úr sjóðnum komist aftur út á vinnumarkaðinn sé þess nokkur kostur og fara þar hagsmunir sjóðsins og sjóðfélaga saman.

Frá ársbyrjun 2014 hafa Gildi og VIRK starfað saman með það að markmiði að fá betri sýn yfir umsóknir um örorkulífeyri, aðstæður einstaklinga sem sækja um örorkulífeyri og markvissara mat á raunhæfni starfsendurhæfingar hjá þessum einstaklingum. Lögð er áhersla á að veita öllum sem sækja um örorkulífeyri hjá Gildi þjónustu ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK, og eins raunhæfa möguleika til starfsendurhæfingar og frekast er kostur.
Allar nýjar örorkulífeyrisumsóknir sem Gildi berast eru yfirfarnar af sérfræðingateymi hjá VIRK sem metur raunhæfi starfsendurhæfingar fyrir umsækjendur.

Stefna VIRK starfsendurhæfingarsjóðs er að:

- Skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.
- Stuðla að snemmbæru inngripi með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur.
- Fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarúrræði sem miða að aukinni virkni starfsmanna sem búa við skerta vinnugetu til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðisþjónustu í landinu.
- Stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu.
- Byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga.
- Hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna.
- Styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður var stofnaður af aðilum vinnumarkaðarins á árinu 2009. Með lögum var lífeyrissjóðum gert að greiða framlag til VIRK. Fyrstu iðgjaldagreiðslurnar voru inntar af hendi í nóvember 2012 og námu þær 0,13% af iðgjaldastofni þar til 1. janúar 2016 þegar hlutfallið lækkaði í 0,10%.





Gildi–lífeyrissjóður
Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	54
Viðauki – stjórnarháttayfirlýsing Gildis-lífeyrissjóðs	57
Áritun óháðra endurskoðenda	62
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	64
Efnahagsreikningur	65
Sjóðstreymisyfirlit	66
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	67
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda	68
Efnahagsreikningur deilda	70
Sjóðstreymisyfirlit deilda	72
Skýringar	84
Kennitölur	112

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Eignir, ávöxtun og rekstrarkostnaður

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir; samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 512.863 millj. kr. í árslok 2017 og hækkaði á árinu um 45.287 millj. kr. en hrein eign séreignardeildar nam 4.468 millj. kr. í árslok 2017. Tilgreind séreignardeild var stofnuð 1. júlí 2017 og nam hrein eign hennar samtals 25 millj. kr. í lok ársins. Innan tilgreindrar séreignardeildar eru þrjár ávöxtunarleiðir sem eru þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar var 7,7% á árinu og hrein raunávöxtun 5,8%.

Í séreignardeild var hrein nafnávöxtun 7,7% hjá rétthöfum í Framtíðarsýn 1, 7,5% hjá rétthöfum í Framtíðarsýn 2 og 3,6% hjá rétthöfum í Framtíðarsýn 3. Hrein raunávöxtun var 5,9% í Framtíðarsýn 1, 5,7% í Framtíðarsýn 2 og 1,9% í Framtíðarsýn 3.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu nam samtals 806 millj. kr. en var 743 millj. kr. á árinu 2016. Heildarlaunagreiðslur námu 461 millj. kr., þar af námu laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra 52 millj. kr. Starfsmenn sjóðsins voru 33 í árslok 2017 sem er óbreytt milli ára en stöðugildi voru 33 á árinu 2017 samanborið við 32 á fyrra ári.

Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga og launagreiðenda

Á árinu 2017 greiddu 5.835 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 23.014 millj. kr., fyrir 53.527 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru 226.014 í árslok og rétthafar í séreignardeild sjóðsins 36.068.

Lífeyrisgreiðslur og fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 15.190 millj. kr., en voru 14.182 millj. kr. árið 2016. Ellilífeyrir nam 9.432 millj. kr., örorkulífeyrir 4.693 millj. kr., makalífeyrir 914 millj. kr. og barnalífeyrir 151 millj. kr. Hjá samtryggingardeild voru ellilífeyrisþegar 13.591 á árinu, örorkulífeyrisþegar 5.568, makalífeyrisþegar 2.018 og 1.078 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 22.255.

Örorkulífeyrir

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Gildi hefur nýtt framlagið til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Í upphafi árs lá fyrir að örorkuframlagið myndi ekki standa undir þeirri hækkun sem samþykktir sjóðsins gerðu ráð fyrir, en hún nam 4,5%. Vegna þess var á ársfundi Gildis 27. apríl 2017 samþykkt tillaga um að lækka þetta hlutfall niður í 4%. Stjórn sjóðsins telur að skipting örorkuframlagsins á milli lífeyrissjóða sé ekki réttlát og því sé mjög brýnt að hún verði endurskoðuð.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2017. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 809 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga. Þegar tekið er tillit til áætlaðra framtíðariðgjalda eru eignir sjóðsins 13.640 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% raunávöxtunarviðmið.

Heildarstaða sjóðsins er því neikvæð um 1,5% í árslok 2017 samanborið við 2,7% neikvæða stöðu í árslok 2016. Miðað er við lífslíkur sem byggja á reynslu áranna 2010 til 2014 á Íslandi. Tryggingafræðingur sjóðsins hefur boðað að við gerð næstu tryggingafræðilegu athugunar verði miðað við nýjar eftirlifendatöflur og að í þeim verði spá um lækkun á dánartíðni á komandi árum. Þessi forsendubreyting mun auka verulega skuldbindingar sjóðsins. Ekki hefur verið ákveðið hvernig þessum auknu skuldbindingum verði mætt, en líklegt er að það verði gert með því að hækka ellilífeyrisaldur sjóðfélaga og að sú breyting muni gerast á löngum tíma.

Sjóðfélagalán

Mikil aukning hefur orðið í útlánum til sjóðfélaga á síðustu árum og hélt sú þróun áfram á árinu 2017. Veitt voru 878 ný lán sem er aukning í fjölda um 40,5% milli ára. Heildarfjárhæð nýrra lána nam 12.819 millj. kr. og hækkaði um tæplega 5,5 milljarða króna frá fyrra ári. Með auknum sveigjanleika og hagstæðum vöxtum og lántökugjaldi bjóðast sjóðfélögum Gildis ein hagstæðustu lán sem völ er á. Allir sem greitt hafa til Gildis, í samtryggingu eða séreign, eiga rétt á að sækja um lán hjá sjóðnum. Markmið Gildis með lánunum er að vera bakhjarl sjóðfélaga sinna í þeirri mikilvægu fjárfestingu sem kaup á húsnæði eru. Einnig eru sjóðfélagalán traustur fjárfestingarkostur fyrir sjóðinn sem eykur áhættudreifingu.

Erlendar fjárfestingar

Það er stefna Gildis og hluti af áhættustýringu sjóðsins að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Þann 14. mars 2017 aflétti Seðlabanki Íslands fjármagnshöftum af fjárfestingum lífeyrissjóða utan Íslands og nýtti sjóðurinn sér það til að auka enn frekar við erlendar fjárfestingar á árinu. Sjóðurinn keypti erlend verðbréf fyrir 10.437 millj. kr. umfram þau sem hann seldi á árinu 2017. Þegar við bættist að ávöxtun erlendra verðbréfa í safninu, sér í lagi hlutabréfa, var góð á árinu varð niðurstaðan sú að hlutfall erlendra eigna sjóðsins jókst úr 26,5% í ársbyrjun í 29,1% í árslok. Erlendar eignir sjóðsins námu 149.409 millj.kr. í árslok og var krónutöluhækkun þeirra 25.130 millj.kr. á árinu. Á sama tíma jókst hlutfall eigna sjóðsins í erlendri mynt úr 27% í ársbyrjun í 32,7% í árslok 2017, en sumar eignir sjóðsins teljast innlendar þrátt fyrir að þær séu gengisbundnar. Í fjárfestingarstefnu setur sjóðurinn sér markmið um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðli. Sjóðurinn hefur sett sér markmið um enn frekari fjárfestingu erlendis, með áherslu á að auka við fjölbreytni í eignadreifingu innan erlendra eignaflokka.

Hluthafastefna

Stjórn Gildis hefur áfram fylgt eftir áherslum í hluthafastefnu sjóðsins sem samþykkt var í ársbyrjun 2015. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill stuðla að auknu gegnsæi og ábyrgð hans sem eiganda og fjárfestis á markaði. Markmiðið er meðal annars að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaganna auk ábyrgra stjórnarhátta. Sjóðurinn hefur með markvissum hætti komið áherslum sínum á framfæri við þau félög sem falla undir hluthafastefnu sjóðsins. Þá hefur sjóðurinn fyrstur lífeyrissjóða birt á heimasíðu sinni yfirlit yfir það hvernig hann beitir atkvæðisrétti sínum á aðalfundum hlutafélaga.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Gildi markaði sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar á árinu 2017. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarhátta í fjárfestingum. Gildi leggur sérstaka áherslu á stjórnarhætti og fjallar hluthafastefna sjóðsins um hvernig sjóðurinn beitir sér sem eigandi

í því samhengi. Nánar er fjallað um stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar í viðauka við skýrslu stjórnar. Þá var Gildi einn af stofnaðilum IcelandSif, samtaka um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á Íslandi, sem stofnuð voru 13. nóvember 2017 af breiðum hópi innlendra fagfjárfesta. Samtökunum er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar.

Stjórnarhættir

Í samræmi við 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 birtir sjóðurinn yfirlýsingu um stjórnarhætti sína. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka við skýrslu stjórnar og teljast hluti hennar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sjóðurinn ófjárhagslegar upplýsingar. Upplýsingarnar eru settar fram í viðauka við skýrslu stjórnar og teljast hluti hennar.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2018.

Í stjórn sjóðsins
Gylfi Gíslason
Harpa Ólafsdóttir
Áslaug Hulda Jónsdóttir
Freyja Önundardóttir
Guðmundur Ragnarsson
Kolbeinn Gunnarsson
Konráð Alfreðsson
Þórunn Liv Kvaran

Framkvæmdastjóri
Árni Guðmundsson

Viðauki

Stjórnarháttayfirlýsing Gildis-lífeyrissjóðs


Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

Gildi-lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og á grundvelli samþykkta sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett ýmsar reglur sem um starfsemina gilda. Samþykktir sjóðsins auk annarra upplýsinga er varða skipulag hans eru aðgengilegar á vef sjóðsins, www.gildi.is.

Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur og tilmæli sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða er m.a. að finna á vef Fjármálaeftirlitsins (FME).

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Skipulag sjóðsins kemur fram í skipuriti



Ársfundur og fulltrúaráð

Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins nema annað komi fram í samþykktum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum þeirra samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykkta lífeyrissjóðsins. Stéttarfélög sem að sjóðnum standa tilnefna alls 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði. Samtök atvinnulífsins tilnefna allt að 80 fulltrúa til setu í ráðinu.

Stjórn

Stjórn Gildis er skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi ásamt tveimur varamönnum, en fjórir eru skipaðir af stjórn Samtaka atvinnulífsins ásamt tveimur varamönnum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Gæta skal að ákvæðum laga um kynjahlutföll við skipan stjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur, heldur gerðabók og ritar í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa fimm stjórnarmenn að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað.

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.

Stjórn sinnir meðal annars eftirfarandi verkefnum:

- Ræður framkvæmdastjóra og setur honum starfsreglur.
- Mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit.
- Skipar endurskoðunarnefnd sem hefur eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga.
- Mótar fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins, setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- Setur verklagsreglur um verðbréfaviðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Setur sjóðnum hluthafastefnu, sem gildir um fjárfestingar í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í auk samskipta- og siðareglna.

Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn samkvæmt framansögðu. Hún er skipuð þremur mönnum og skal a.m.k. einn nefndarmanna vera óháður sjóðnum og starfsfólki hans. Hlutverk hennar samkvæmt erindisbréfi er að sinna tilteknum verkefnum fyrir stjórn sem snúa að eftirlitshlutverki stjórnarinnar.

Nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi verkefni:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum og koma að ráðningu innri endurskoðanda.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreiknings.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, þar á meðal:

- Ræður starfsmenn sjóðsins.
- Ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur.
- Ber ábyrgð á að þeirri fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og þeim útlánareglum sem stjórn setur sé fylgt.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Eignastýring Gildis hefur það hlutverk að stýra fjárhagslegri áhættu sjóðsins með ákvörðunum um kaup og sölu verðbréfa, í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn sjóðsins eins og við á hverju sinni. Stjórn sjóðsins setur fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingarstefna lýsir áhættuvilja sjóðsins og í henni eru meðal annars:

- Sett markmið um ávöxtun og áhættu heildarsafns, leyfilega eignaflokka, viðmiðunarhlutföll og vikmörk eignaflokka og viðmið hvað varðar ávöxtun og áhættu eignaflokka.
- Skilgreind helstu viðmið og skorður sem unnið er út frá í fjárhagslegri áhættustýringu sjóðsins og skýrslugjöf.

Áhættustefna Gildis er sett af stjórn sjóðsins og skilgreinir áhættuvilja og áhættuþol sjóðsins og hvernig skuli greina, meta, vakta og stýra áhættu innan hans. Áhættustýringarstefna er einnig sett af stjórn sjóðsins sem fjallar um framkvæmd áhættustýringar sjóðsins. Áhættustefna og/eða áhættustýringarstefna sjóðsins bæta við viðmiðum og skorðum þar sem fjárfestingarstefnunni sleppir og skilgreina eftirlitskerfi sjóðsins. Áhættustefnan og áhættustýringarstefnan ná yfir starfsemi Gildis bæði hvað varðar fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Fjárhagsleg áhætta er tengd fjárfestingarstarfsemi sjóðsins, þ.e. þróun eigna og skuldbindinga auk sjóðstreymis. Rekstraráhætta er áhætta tengd ytri atburðum í rekstrarumhverfi sjóðsins og innri starfsemi hans, m.a. varðandi starfsmenn, verkferla og upplýsingakerfi.

Í skipulagi sjóðsins er sérstakt starfssvið, áhættueftirlit. Áhættueftirlit leggur milliliðalaust fram skýrslur til stjórnar um niðurstöður sínar. Áhættueftirlit sinnir m.a.:

- Eftirliti er varðar fjárhags- og rekstrarlega áhættu, m.a. daglegu eftirliti með fylgni sjóðsins við fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir.
- Áhættumælingum á eignasafni sjóðsins og skráningu frávika og eftirfylgni þeirra.

- Aðstoð við stjórn og stjórnendur við þróun og viðhald á skilvirku eftirlitskerfi sjóðsins.
- Tilkynningum um frávik og eftirfylgni með þeim.

Framkvæmdastjóri og aðrir aðilar er sinna áhættueftirliti og áhættustýringu Gildis upplýsa stjórn reglulega um árangur og áhættu fjárfestingarstarfseminnar og ákvarðanir er varða áhættueftirlit og áhættustýringu.

- Endurskoðunarnefnd metur skilvirkni og fyrirkomulag áhættustýringar.
- Innri endurskoðandi kannar árlega hvort starfsemi sjóðsins sé í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.

Til þess að tryggja að reikningsskil sjóðsins séu áreiðanleg og í samræmi við góða reikningsskilavenju er lögð áhersla á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrsluskil eru mikilvægur þáttur í eftirliti með lykilþáttum starfseminnar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt 66. gr. d. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal sjóðurinn láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags og starfsmannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Hlutverk Gildis-lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Jafnframt gegnir Gildi mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Samskipta- og siðareglur

Sjóðurinn hefur sett sér samskipta- og siðareglur sem m.a. varða það hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavini, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og ennfremur virðingu og sanngirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.
Samskipti við aðila á fjármagnsmarkaði byggjast á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegum misfellum eftir því sem við á.

Gjafir eru ekki þegnar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna, ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á

ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góða viðskiptavenju.

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Megináhætta sjóðsins tengd umhverfismálum og félagslegum málefnum (þ.m.t. mannréttindum) er að fjárfest sé í fyrirtækjum sem ekki sinna lögboðinni og/eða siðferðislegri skyldu sinni, sem skapað getur tjón og valdið orðsporsáhættu fyrir sjóðinn. Gildi hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna (þ.m.t. mannréttinda) og stjórnarhátta í fjárfestingum. Grunngildi sjóðsins á sviði umhverfismála og félagslegra málefna byggja á grunngildum íslenska ríkisins, sem meðal annars birtast í ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga.

Markmið Gildis er að beita sér sem eigandi í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaga sem fjárfest er í og ábyrgum stjórnarháttum. Gildi er hlutfallslega stór fagfjárfestir á íslenskum verðbréfamarkaði. Stærð sjóðsins á erlendum vettvangi er hlutfallslega lítil í samanburði við stærð fyrirtækja, sjóða og annarra fjárfesta á þeim mörkuðum. Gildi hefur af þessum sökum minni möguleika til þess að beita sér erlendis, nema í þeim tilfellum þegar stærð eignarhlutar gefur tilefni til þess. Sjóðurinn nær fram eignadreifingu erlendis með fjárfestingu í sjóðum en að jafnaði ekki í einstökum fyrirtækjum. Lögð er áhersla á innlendar fjárfestingar í stefnu um ábyrgar fjárfestingar auk þess sem áhersla er lögð á innlend fyrirtæki í hluthafastefnu sjóðsins.

Kallað er eftir því hvort eignastýringaraðilar (þ.m.t. erlendir) hafi sett sér stefnu í umhverfismálum og félagslegum málefnum áður en fjárfest er í viðkomandi sjóðum. Slíkar stefnur eru þó ekki skilyrði fjárfestingar í viðkomandi sjóði og fram fer mat á grundvelli heildarmarkmiða sjóðsins. Gildi lætur umhverfismál og félagsleg málefni sig varða og lætur til sín taka ef atvik koma upp á þessum sviðum eins og nánar kemur fram í stefnu um ábyrgar fjárfestingar með það að markmiði að hafa áhrif á viðhorf og stefnu þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í til þessara málefna. Ekki kom til slíkra atvika á árinu 2017.

Gildi hefur ekki sett sér ófjárhagslega lykilmælikvarða en mun á árinu 2018 kanna grundvöll þess að tileinka sér viðeigandi slíka mælikvarða.

Starfsmannamál

Gildi leggur áherslu á að skapa starfsfólki jöfn tækifæri og heilbrigt, öruggt og hvetjandi vinnuumhverfi. Mismunun er ekki liðin á grundvelli kynferðis, kynþáttar, trúar, aldurs, eða uppruna. Sjóðurinn líður ekki einelti eða ofbeldi af nokkru tagi eða áreitni af neinum toga. Gildi viðurkennir mikilvægi heilsueflingar og styrkir starfsfólk sjóðsins í heilsurækt ásamt því að standa fyrir heilsufarsmælingum fyrir starfsfólk. Unnið er að gerð starfsmannastefnu þessum atriðum til áréttingar. Sjóðurinn mun jafnframt hefja undirbúning að vottun jafnlaunakerfis á árinu 2018.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis-lífeyrissjóðs fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Gildi-lífeyrissjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Gildis-lífeyrissjóðs. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina.

Við framkvæmum eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og, þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 22. mars 2018.

Deloitte ehf.
Halldór Arason,
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson,
endurskoðandi

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		7.008.160	6.225.250
Iðgjöld launagreiðenda		16.089.483	13.261.479
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(83.362)	(133.053)
		23.014.281	**19.353.676**
Sérstök aukaframlög	3	1.527.567	1.301.104
		24.541.848	**20.654.780**
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	(15.189.582)	(14.181.990)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		(160.182)	(151.633)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	(15.642)	(14.803)
		(15.365.406)	**(14.348.427)**
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	19.503.456	(9.505.698)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	17.268.547	15.233.089
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		26.473	25.484
Vaxtatekjur af handbæru fé		395.832	96.945
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		150.680	115.602
Ýmsar fjárfestingartekjur		0	9
Fjárfestingargjöld		(46.413)	(43.432)
		37.298.574	**5.921.999**
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	(806.084)	(743.122)
		(806.084)	**(743.122)**
Önnur gjöld	10	0	267.814
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		**45.668.932**	**11.753.044**
Hrein eign frá fyrra ári		471.687.030	459.933.986
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		**517.355.962**	**471.687.030**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur

31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	11	247.949.189	221.474.467
Skuldabréf	12	247.607.984	241.429.856
Bundnar bankainnstæður		701.633	648.178
Aðrar fjárfestingar	14	81.094	56.782
		496.339.900	**463.609.283**
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		3.533.307	2.603.863
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		166.873	43.354
		3.700.179	**2.647.218**
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	354.760	366.734
		354.760	**366.734**
Handbært fé		**17.345.294**	**5.394.491**
Eignir samtals		**517.740.134**	**472.017.726**
Viðskiptaskuldir			
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur	18	370.408	287.407
Aðrar skuldir	19	13.763	43.289
Skuldir samtals		**384.171**	**330.695**
Hrein eign til greiðslu lífeyris		**517.355.962**	**471.687.030**
Skuldbindingar utan efnahags	20		

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um sjóðstreymi

ársins 2017

	2017	2016
Inngreiðslur		
Iðgjöld	23.612.405	20.296.501
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	395.832	96.945
Aðrar inngreiðslur	7.754	3.597
	24.015.991	**20.397.043**
Útgreiðslur		
Lífeyrir	(15.365.406)	(14.348.427)
Rekstrarkostnaður	(760.373)	(724.962)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(30.243)	(15.172)
Aðrar útgreiðslur	(13.937)	(13.184)
	(16.169.959)	**(15.071.401)**
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	**7.846.032**	**5.325.642**
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	17.396.591	11.748.162
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(40.128.489)	(33.928.083)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	30.516.618	20.456.577
Afborganir höfuðstóls og vextir skuldabréfa	14.521.032	11.034.906
Keypt skuldabréf	(19.534.885)	(19.718.767)
Seld skuldabréf	1.384.593	1.388.234
Ný bundin innlán	(29.238)	(53.914)
Keyptar aðrar fjárfestingar	(21.452)	0
Seldar aðrar fjárfestingar	0	4.620
	4.104.771	**(9.068.265)**
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	**11.950.803**	**(3.742.622)**
Handbært fé í upphafi árs	**5.394.491**	**9.137.114**
Handbært fé í lok árs	**17.345.294**	**5.394.491**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu

31.12.2017	Áfallin skuldbinding	Framtíðarskuldb.	Heildarskuldb.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	512.863.229	0	512.863.229
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	(519.584)	0	(519.584)
Fjárfestingarkostnaður	(1.210.542)	0	(1.210.542)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	375.175.835	375.175.835
Rekstrarkostnaður	(6.979.713)	(10.405.057)	(17.384.770)
Eignir samtals	**504.153.390**	**364.770.778**	**868.924.168**
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	394.900.088	281.005.821	675.905.909
Örorkulífeyrir	81.639.873	75.875.615	157.515.489
Makalífeyrir	27.760.479	15.518.361	43.278.840
Barnalífeyrir	662.379	5.201.249	5.863.628
Skuldbindingar samtals	**504.962.820**	**377.601.046**	**882.563.866**
Eignir umfram skuldbindingar	**(809.430)**	**(12.830.268)**	**(13.639.698)**
Hlutfall af skuldbindingum í árslok	**-0,2%**	**-3,4%**	**-1,5%**
Hlutfall af skuldbindingum í ársbyrjun	**-1,0%**	**-5,0%**	**-2,7%**

31.12.2016	Áfallin skuldbinding	Framtíðarskuldb.	Heildarskuldb.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	467.576.281	0	467.576.281
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	5.079.982	0	5.079.982
Fjárfestingarkostnaður	(1.102.889)	0	(1.102.889)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	323.282.601	323.282.601
Rekstrarkostnaður	(6.377.530)	(8.879.395)	(15.256.925)
Eignir samtals	**465.175.844**	**314.403.207**	**779.579.051**
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	367.003.128	244.861.819	611.864.948
Örorkulífeyrir	75.729.348	67.431.032	143.160.380
Makalífeyrir	26.564.230	13.758.503	40.322.733
Barnalífeyrir	619.572	4.927.526	5.547.098
Skuldbindingar samtals	**469.916.278**	**330.978.881**	**800.895.159**
Eignir umfram skuldbindingar	**(4.740.434)**	**(16.575.674)**	**(21.316.108)**
Hlutfall af skuldbindingum í árslok	**-1,0%**	**-5,0%**	**-2,7%**
Hlutfall af skuldbindingum í ársbyrjun	**4,7%**	**-3,5%**	**1,4%**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris fyrir árið 2017

	Skýr.	Samtryggingardeild 2017	2016
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		6.860.670	6.083.940
Iðgjöld launagreiðenda		15.955.968	13.158.479
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		4.372	3.766
		22.821.009	**19.246.184**
Sérstök aukaframlög	3	1.527.567	1.301.104
		24.348.576	**20.547.289**
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	(15.089.333)	(14.052.332)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		(160.182)	(151.633)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	(15.642)	(14.803)
		(15.265.157)	**(14.218.769)**
Fjárfestingarhreyfingar			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	19.411.560	(9.467.983)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	17.086.708	15.089.742
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0
Vaxtatekjur af handbæru fé		391.288	92.134
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		150.212	115.302
Ýmsar fjárfestingartekjur		0	0
Fjárfestingargjöld		(46.341)	(43.289)
		36.993.427	**5.785.906**
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	(789.899)	(727.465)
		(789.899)	**(727.465)**
Önnur gjöld	10	**0**	**267.814**
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		**45.286.948**	**11.654.774**
Hrein eign frá fyrra ári		467.576.281	455.921.507
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		**512.863.229**	**467.576.281**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Séreignardeild		Tilgreind séreignardeild	Samtals	
2017	**2016**	**2017**	**2017**	**2016**
147.490	141.310	0	7.008.160	6.225.250
109.068	103.000	24.447	16.089.483	13.261.479
(87.733)	(136.819)	0	(83.362)	(133.053)
168.825	**107.491**	**24.447**	**23.014.281**	**19.353.676**
0	0	0	1.527.567	1.301.104
168.825	**107.491**	**24.447**	**24.541.848**	**20.654.780**
(100.249)	(129.658)	0	(15.189.582)	(14.181.990)
0	0	0	(160.182)	(151.633)
0	0	0	(15.642)	(14.803)
(100.249)	**(129.658)**	0	**(15.365.406)**	**(14.348.427)**
91.834	(37.715)	62	19.503.456	(9.505.698)
181.704	143.348	136	17.268.547	15.233.089
26.245	25.484	228	26.473	25.484
4.540	4.811	4	395.832	96.945
463	300	4	150.680	115.602
0	9	0	0	9
(73)	(144)	0	(46.413)	(43.432)
304.714	**136.093**	**433**	**37.298.574**	**5.921.999**
(16.111)	(15.656)	(75)	(806.084)	(743.122)
(16.111)	**(15.656)**	**0**	**(806.084)**	**(743.122)**
0	**0**	0	0	267.814
357.179	**98.270**	**24.805**	**45.668.932**	**11.753.044**
4.110.750	4.012.480		471.687.030	459.933.986
4.467.929	**4.110.750**	**24.805**	**517.355.962**	**471.687.030**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur

31. desember 2017

Eignir	Skýr.	Samtryggingardeild 2017	2016
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	11	246.840.588	220.417.336
Skuldabréf	12	245.117.865	239.101.410
Bundnar bankainnstæður		0	0
Aðrar fjárfestingar	14	81.094	56.782
		492.039.547	**459.575.527**
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		3.511.296	2.590.008
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		166.873	43.354
		3.678.169	**2.633.363**
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	354.760	366.734
		354.760	**366.734**
Handbært fé		**17.174.924**	**5.331.352**
Eignir samtals		**513.247.400**	**467.906.976**
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur	18	370.408	287.407
Aðrar skuldir	19	13.763	43.289
Skuldir samtals		**384.171**	**330.695**
Hrein eign til greiðslu lífeyris		**512.863.229**	**467.576.281**
Skuldbindingar utan efnahags	20		

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Séreignardeild		Tilgreind séreignardeild	Samtals	
2017	**2016**	**2017**	**2017**	**2016**
1.105.684	1.057.132	2.917	247.949.189	221.474.467
2.483.014	2.328.446	7.105	247.607.984	241.429.856
687.531	648.178	14.102	701.633	648.178
0	0	0	81.094	56.782
4.276.228	**4.033.755**	**24.124**	**496.339.900**	**463.609.283**
21.812	13.855	198	3.533.307	2.603.863
0	0	0	166.873	43.354
21.812	**13.855**	**198**	**3.700.179**	**2.647.218**
0	0	0	354.760	366.734
0	**0**	**0**	**354.760**	**366.734**
169.888	**63.140**	**482**	**17.345.294**	**5.394.491**
4.467.929	**4.110.750**	**24.805**	**517.740.134**	**472.017.726**
0	0	0	370.408	287.407
0	0	0	13.763	43.289
0	**0**	**0**	**384.171**	**330.695**
4.467.929	**4.110.750**	**24.805**	**517.355.962**	**471.687.030**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Sjóðstreymisyfirlit deilda

2017

	Skýr.	Samtryggingardeild 2017	Samtryggingardeild 2016
Inngreiðslur			
Iðgjöld		23.427.288	20.189.286
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		391.288	92.134
Aðrar inngreiðslur		6.399	3.597
		23.824.975	**20.285.017**
Útgreiðslur			
Lífeyrir		(15.265.157)	(14.218.769)
Rekstrarkostnaður		(760.373)	(724.962)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(30.243)	15.172
Aðrar útgreiðslur		(98)	(83)
		(16.055.870)	**(14.928.641)**
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		**7.769.105**	**5.356.376**
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		17.283.278	11.622.205
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(39.850.765)	(33.796.318)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		30.203.685	20.289.392
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		14.324.753	10.949.008
Keypt skuldabréf		(19.191.299)	(19.486.309)
Seld skuldabréf		1.326.267	1.331.160
Ný bundin innlán		0	0
Keyptar aðrar fjárfestingar		(21.452)	0
Seldar aðrar fjárfestingar		0	4.620
		4.074.467	**(9.086.242)**
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		**11.843.572**	**(3.729.866)**
Handbært fé í upphafi árs		**5.331.352**	**9.061.218**
Handbært fé í lok árs		**17.174.924**	**5.331.352**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Séreignardeild		Tilgreind séreignardeild	Samtals	
2017	2016	2017	2017	2016
160.867	107.215	24.249	23.612.405	20.296.501
4.540	4.811	4	395.832	96.945
1.356	0	0	7.754	3.597
166.763	**112.026**	**24.253**	**24.015.991**	**20.397.043**
(100.249)	(129.658)	0	(15.365.406)	(14.348.427)
0	0	0	(760.373)	(724.962)
0	0	0	(30.243)	15.172
(13.819)	(13.101)	(21)	(13.937)	(13.184)
(114.068)	**(142.759)**	**(21)**	**(16.169.959)**	**(15.071.401)**
52.695	**(30.733)**	**24.232**	**7.846.032**	**5.325.642**
122.972	125.957	(9.659)	17.396.591	11.748.162
(277.049)	(131.764)	(675)	(40.128.489)	(33.928.083)
312.154	167.185	779	30.516.618	20.456.577
195.712	85.897	567	14.521.032	11.034.906
(342.528)	(232.458)	(1.058)	(19.534.885)	(19.718.767)
58.112	57.074	214	1.384.593	1.388.234
(15.319)	(53.914)	(13.918)	(29.238)	(53.914)
0	0	0	(21.452)	0
0	0	0	0	4.620
54.054	**17.977**	**(23.750)**	**4.104.771**	**(9.068.265)**
106.749	**(12.756)**	**482**	**11.950.803**	**(3.742.622)**
63.140	**75.896**	**0**	**5.394.491**	**9.137.114**
169.888	**63.140**	**482**	**17.345.294**	**5.394.491**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign séreignar-deildar til greiðslu lífeyris fyrir árið 2017

	Skýr.	Leið 1 2017	Leið 1 2016	Leið 2 2017	Leið 2 2016
Iðgjöld					
Iðgjöld sjóðfélaga		61.200	60.144	45.624	40.314
Iðgjöld launagreiðenda		40.928	40.535	37.999	31.592
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(40.142)	564.113	(21.957)	(18.197)
		61.986	**664.793**	**61.666**	**53.709**
Lífeyrir					
Heildarfjárhæð lífeyris	23	(40.445)	(40.339)	(34.412)	(50.806)
		(40.445)	**(40.339)**	**(34.412)**	**(50.806)**
Hreinar fjárfestingartekjur					
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	24	55.017	(54.046)	36.817	(11.755)
Hreinar tekjur af skuldabréfum	25	86.309	60.642	95.396	73.000
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0	0	0
Vaxtatekjur af handbæru fé		1.595	2.624	2.945	2.187
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		197	136	179	106
Ýmsar fjárfestingartekjur		0	7	0	2
Fjárfestingargjöld		(62)	(62)	(11)	(81)
		143.055	**9.300**	**135.327**	**63.459**
Rekstrarkostnaður					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(7.079)	(6.299)	(6.733)	(6.636)
		(7.079)	**(6.299)**	**(6.733)**	**(6.636)**
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		**157.517**	**627.455**	**155.848**	**59.727**
Hrein eign frá fyrra ári		1.755.933	1.128.478	1.703.239	1.643.512
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		**1.913.450**	**1.755.933**	**1.859.088**	**1.703.239**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Leið 3		Leið 4		Samtals	
2017	2016	2017	2016	2017	2016
40.666	38.707	0	2.144	147.490	141.310
30.141	29.517	0	1.355	109.068	103.000
(25.634)	10.256	0	(692.991)	(87.733)	(136.819)
45.172	**78.480**	**0**	**(689.491)**	**168.825**	**107.491**
(25.393)	(25.217)	0	(13.296)	(100.249)	(129.658)
(25.393)	**(25.217)**	**0**	**(13.296)**	**(100.249)**	**(129.658)**
0	0	0	28.086	91.834	(37.715)
0	0	0	9.706	181.704	143.348
26.245	25.484	0	0	26.245	25.484
0	0	0	0	4.540	4.811
87	48	0	10	463	300
0	0	0	0	0	9
0	0	0	0	(73)	(144)
26.333	**25.532**	**0**	**37.802**	**304.714**	**136.093**
(2.299)	(2.107)	0	(615)	(16.111)	(15.656)
(2.299)	**(2.107)**	**0**	**(615)**	**(16.111)**	**(15.656)**
43.813	**76.688**	**0**	**(665.600)**	**357.179**	**98.270**
651.577	574.890	0	665.600	4.110.750	4.012.480
695.391	**651.577**	**0**	**0**	**4.467.929**	**4.110.750**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur séreignardeildar

31. desember 2017

		Leið 1		Leið 2	
Eignir	**Skýr.**	**2017**	**2016**	**2017**	**2016**
Fjárfestingar					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	27	658.587	622.100	447.096	435.032
Skuldabréf	28	1.164.590	1.102.379	1.318.423	1.226.067
Bundnar bankainnstæður		0	0	0	0
		1.823.178	**1.724.478**	**1.765.520**	**1.661.099**
Kröfur					
Kröfur á launagreiðendur		8.229	7.483	5.723	2.972
		8.229	**7.483**	**5.723**	**2.972**
Handbært fé		82.044	23.971	87.845	39.168
Eignir samtals		**1.913.450**	**1.755.933**	**1.859.088**	**1.703.239**
Hrein eign til greiðslu lífeyris		**1.913.450**	**1.755.933**	**1.859.088**	**1.703.239**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Leið 3		Leið 4		Samtals	
2017	**2016**	**2017**	**2016**	**2017**	**2016**
0	0	0	0	1.105.684	1.057.132
0	0	0	0	2.483.014	2.328.446
687.531	648.178	0	0	687.531	648.178
687.531	**648.178**	**0**	**0**	**4.276.228**	**4.033.755**
7.860	3.400	0	0	21.812	13.855
7.860	**3.400**	**0**	**0**	**21.812**	**13.855**
0	0	0	0	169.888	63.140
695.391	**651.577**	**0**	**0**	**4.467.929**	**4.110.750**
695.391	**651.577**	**0**	**0**	**4.467.929**	**4.110.750**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um sjóðstreymi séreignardeilda
ársins 2017

	Leið 1		Leið 2	
	2017	2016	2017	2016
Inngreiðslur				
Iðgjöld	61.240	664.933	58.915	53.307
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	1.595	2.624	2.945	2.187
Aðrar inngreiðslur	(1.586)	0	2.942	0
	61.249	**667.557**	**64.802**	**55.493**
Útgreiðslur				
Lífeyrir	(40.445)	(40.339)	(34.412)	(50.806)
Aðrar útgreiðslur	(7.068)	(6.462)	(6.751)	(6.639)
	(47.513)	**(46.802)**	**(41.162)**	**(57.445)**
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	**13.736**	**620.756**	**23.640**	**(1.951)**
Fjárfestingarhreyfingar				
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	58.757	48.773	64.215	63.776
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(196.848)	(81.714)	(80.201)	(50.050)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	211.197	82.254	100.957	84.932
Afborganir höfuðstóls og vextir skuldabréfa	87.953	46.060	107.759	39.838
Keypt skuldabréf	(116.768)	(86.209)	(225.760)	(146.249)
Seld skuldabréf	45	25.290	58.067	31.784
Ný bundin innlán	0	0	0	0
Sameining deilda	0	(671.682)	0	0
	44.336	**(637.229)**	**25.037**	**24.030**
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	**58.072**	**(16.473)**	**48.676**	**22.079**
Handbært fé í upphafi árs	**23.971**	**40.445**	**39.168**	**17.089**
Handbært fé í lok árs	**82.044**	**23.971**	**87.845**	**39.168**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Leið 3		Leið 4		Samtals	
2017	2016	2017	2016	2017	2016
40.712	79.131	0	(690.156)	160.867	107.215
0	0	0	0	4.540	4.811
0	0	0	0	1.356	0
40.712	**79.131**	**0**	**(690.156)**	**166.763**	**112.026**
(25.393)	(25.217)	0	(13.296)	(100.249)	(129.658)
0	0	0	0	(13.819)	(13.101)
(25.393)	**(25.217)**	**0**	**(13.296)**	**(114.068)**	**(142.759)**
15.319	**53.914**	**0**	**(703.452)**	**52.695**	**(30.733)**
0		0	13.408	122.972	125.957
0	0	0	0	(277.049)	(131.764)
0	0	0	0	312.154	167.185
0	0	0	0	195.712	85.897
0	0	0	0	(342.528)	(232.458)
0	0	0	0	58.112	57.074
(15.319)	(53.914)	0	0	(15.319)	(53.914)
0	0	0	671.682	0	0
(15.319)	**(53.914)**	**0**	**685.090**	**54.054**	**17.977**
0	**0**	**0**	**(18.362)**	**106.749**	**(12.756)**
0	**0**	**0**	**18.362**	**63.140**	**75.896**
0	**0**	**0**	**0**	**169.888**	**63.140**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign tilgreindrar séreignardeildar til greiðslu lífeyris 2017

	Skýr.	Leið 1 2017	Leið 2 2017	Leið 3 2017	Samtals 2017
Iðgjöld					
Iðgjöld launagreiðenda		3.622	6.745	14.080	24.447
		3.622	**6.745**	**14.080**	**24.447**
Lífeyrir					
Heildarfjárhæð lífeyris		0	0	0	0
		0	**0**	**0**	**0**
Hreinar fjárfestingartekjur					
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	30	24	38	0	62
Hreinar tekjur af skuldabréfum	31	37	98	0	136
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0	228	228
Vaxtatekjur af handbæru fé		1	3	0	4
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		0	0	4	4
		62	**139**	**232**	**433**
Rekstrarkostnaður					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(3)	(25)	(47)	(75)
		(3)	**(25)**	**(47)**	**(75)**
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		**3.681**	**6.860**	**14.264**	**24.805**
Hrein eign frá fyrra ári		0	0	0	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		**3.681**	**6.860**	**14.264**	**24.805**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Efnahagsreikningur tilgreindrar séreignardeildar

31. desember 2017

	Skýr.	Leið 1 2017	Leið 2 2017	Leið 3 2017	Samtals 2017
Fjárfestingar					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	33	1.267	1.650	0	2.917
Skuldabréf	34	2.240	4.865	0	7.105
Bundnar bankainnstæður		0	0	14.102	14.102
		3.507	**6.515**	**14.102**	**24.124**
Kröfur					
Kröfur á launagreiðendur		16	21	161	198
		16	**21**	**161**	**198**
Handbært fé		158	324	0	482
Eignir samtals		**3.681**	**6.860**	**14.264**	**24.805**
Hrein eign til greiðslu lífeyris		**3.681**	**6.860**	**14.264**	**24.805**

Fjárhæðir í þúsundum króna.

Yfirlit um sjóðstreymi tilgreindrar séreignadeildar ársins 2017

	Skýr.	Leið 1 2017	Leið 2 2017	Leið 3 2017	Samtals 2017
Inngreiðslur					
Iðgjöld		3.606	6.724	13.918	24.249
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		1	3	0	4
		3.607	**6.727**	**13.918**	**24.253**
Útgreiðslur					
Aðrar útgreiðslur		(14)	(7)	0	(21)
		(14)	**(7)**	**0**	**(21)**
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		**3.593**	**6.720**	**13.918**	**24.232**
Fjárfestingarhreyfingar					
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		(3.408)	(6.251)	0	(9.659)
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(379)	(296)	0	(675)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		406	373	0	779
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		169	398	0	567
Keypt skuldabréf		(225)	(833)	0	(1.058)
Seld skuldabréf		0	214	0	214
Ný bundin innlán		0	0	(13.918)	(13.918)
		(3.436)	**(6.396)**	**(13.918)**	**(23.750)**
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		**158**	**324**	**0**	**482**
Handbært fé í upphafi árs		**0**	**0**	**0**	**0**
Handbært fé í lok árs		**158**	**324**	**0**	**482**

Fjárhæðir í þúsundum króna.


SECURITAS


ÞJÓNUSTUÞJÓRI

Skýringar
Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Gildi-lífeyrissjóður starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Gildi-lífeyrissjóður er með aðsetur að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík og Hafnarstræti 9 á Ísafirði. Af hálfu launamanna eiga tíu stéttarfélög aðild að sjóðnum. Þau eru Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling stéttarfélag, Félag hársnyrtisveina, Félag járniðnaðarmanna á Ísafirði, Sjómannafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, Verkalýðsfélagið Hlíf, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna. Félag skipstjórnarmanna á einnig aðild að sjóðnum en félagið tók í lok árs 2017 við hlutverki Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Af hálfu atvinnurekenda eiga Samtök atvinnulífsins aðild að Gildi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins (FME) nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill
Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

Mat og ákvarðanir
Mat og ákvarðanir eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrif af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á fyrri tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Iðgjöld
Iðgjöld eru heildarfjárhæð iðgjalda og annarra framlaga, greiddra eða ógreiddra, sem hafa skapað réttindakröfu á lífeyrissjóðinn fyrir lok reikningsskilaárs.

Lífeyrir
Heildarfjárhæð lífeyris auk annarra greiðslna og kostnaðar sem tengjast lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Lífeyrisgreiðslur skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Aðrar greiðslur sem falla undir lífeyri eru framlag til starfsendurhæfingarsjóðs og beinn kostnaður vegna örorkulífeyris.

Hreinar fjárfestingartekjur
Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í *Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris* sem og áfallinn gengismunur á eignum í lok tímabils.

Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum
Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap. Jafnframt óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

Hreinar tekjur af skuldabréfum
Hreinar tekjur af skuldabréfum fela í sér tekjur af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en þeirra gjalda sem greint er frá í skýringu nr. 8 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapsáhættu sem fyrir hendi er á reikningsskiladegi.

Fjárfestingargjöld
Undir þennan lið falla öll fjárfestingargjöld og allar þóknanir fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs. Undir þennan lið falla einnig þau fjárfestingargjöld sem ekki falla undir liði 3.1 – 3.5 í reglum um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Rekstrarkostnaður
Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

Fjárfestingar
Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bankainnstæðum og öðrum fjárfestingum.

Matsaðferðir fjárfestinga
Fjármálagerningar, aðrir en veðlán til sjóðfélaga og tilgreindur hluti ríkisskuldabréfaeignar sjóðsins sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við ávöxtunarkröfu við kaup, þ.e. kaupkröfu.

Sjóðurinn notast við ákveðna þrepaskiptingu þegar eignir eru verðmetnar til gangvirðis. Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok tímabils (1. stig). Gangvirði óskráðra fjárfestinga byggir á áætluðu markaðsverði þeirra samkvæmt verðmatsaðferðum sjóðsins (2. og 3. stig). Nánari upplýsingar um verðmatsaðferðir og þrepaskiptingu gangvirðismats eru í skýringu 21.

Eignarhlutir í félögum og sjóðum
Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

Skuldabréf
Öll skuldabréf, þ.e. bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði, falla undir þennan flokk sem og veðlán. Skuldabréf og veðlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Niðurfærsla skuldabréfa og útlána
